

# Fjárlaganefnd Alþingis – fundur Ísafjarðarbæjar 2015

## Greinargerð Ísafjarðarbæjar

### Tíðindalaust á vesturvígstöðvunum.

Á Vestfjörðum hefur löngum búið stolt fólk og veldur því mikilli mæði að að kveða barlóm. Margt smátt gerir eitt stórt og tilkynningar okkar um sífelld boðaföll af ólíkum stærðum má upplifa sem nöldur, en er í raun lækjartíf um máða steina – lækja sem safnast saman með tímans þunga nið í straumþunga á, uns ekkert fær stöðvað.

Þróunin sem við höfum upplifað er ekkert annað en hrun. Samfélagið er mannanna verk og byggir á störfum okkar og regluverki sem við setjum. Þau verk eru sjaldnast náttúruleg mál en af þeim leiða ýmsar og ólíkar niðurstöður, sumar góðar og aðrar slæmar.

Sem dæmi um þætti sem jafnt og þétt grafa undan tilveru okkar má nefna lokun sparisjóða, pósthúsa og bankaútibúa, brottflutning starfa s.s. vegna Fiskistofu, sviptingar í rekstri fiskvinnslufyrirtækja, lágt fasteignaverð, stöðuga fólksfækkun, gífurlegan samgöngukostnað, háan orkukostnað, ófullnægjandi samgöngur á Vestfjörðum, erfiðar flugsamgöngur og lokun Þingeyrarvallar að mestu, hópatakmarkanir í framhaldsskóla sem kemur í veg fyrir verkmenntun mjög fámennra hópa nemenda, atgervisflótti iðnaðarmanna eftir langvarandi samdrátt t.d. í verkefnum sveitarfélagsins. Verkefni til úrbóta eru mörg.

Hverju sem um er að kenna, þá hefur íbúum í sameinuðu sveitarfélagi Ísafjarðarbæjar fækkað úr tæplega 4.500 í 3.600 frá árinu 1999. Til að bæta gráu ofan á svart þá hefur íbúum á aldrinum 0-40 ára fækkað meira en 1.000 frá sameiningu og þróun aldursdreifingar því verið enn óhagstæðari en íbúafækkunin sjálf. Sameiningin varð árið 1996 og því liðin nærri 20 ár síðan. Um er að ræða 20% fækkun og eru hér Vestfirðir nánast í sérflokki. Þetta er slæmur árangur, vond einkunn og varla náttúruleg mál.

Þeir íbúar sem eftir eru í Ísafjarðarbæ bera nú á herðum sér ýmsa þá innviði og mannvirkjum, og jafnvel skuldum, sem fjórðungi fleiri gerðu áður. Hvert högg til viðbótar sem reitt er líkist því að sparka í liggjandi mann. Því eru 85 milljónir vegna málefna fatlaðra, 45 milljón króna ógreidd framlög í hafnarframkvæmdir og tjón í febrúar vegna vatnsflóða eins og fleiri naglar í kistuna.

Góður árangur í fjármálum Ísafjarðarbæjar á síðustu árum hefur bitnað á innviðum, umhverfi íbúanna og samfélaginu sjálfu. Slík vanræksla verður svo eins og svo margar aðrar glóðir sem nú safnast að höfðum okkar.

Í stuttu máli verður að segja eins og er, of margir þættir hafa verið okkur mótdrægir í langan tíma og samanlagðir eru þeir að mola undirstöðu tilvistar okkar – þrátt fyrir að margt gott hafi verið gert bæði af stjórnvöldum og íbúum til að spyrna á móti slíkri þróun, að öðru ólöstuðu ber sjálfsagt hæst Þróunarsetur Vestfjarða á Ísafirði og Háskólasetur Vestfjarða á grunni þess, það verður að vernda og byggja upp.

## Helstu fjárhagsvandamál Ísafjarðarbæjar sem að ríkisvaldinu snýr

**45 milljónir króna mótframlag ríkisins vantar vegna lokinna hafnarframkvæmda.** Á árunum 2013 og 2014 var lokið hafnarframkvæmdum samkvæmt samgönguáætlun 2007-2010. Fylgt var ráðleggingum Siglingastofnunar í einu og öllu og haldið á lofti kröfu um leiðréttingu á hlut ríkisins í framkvæmdunum, en fé til reiðu hafði verið skorið niður í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Ekki var mögulegt að hætta við framkvæmdir og lauk hafnarsjóður verkinu í eigin reikning. Samkvæmt öllu eðlilegu hefði ríkið átt að koma með 60% mótframlag, en upp á það vantar nú um 45 milljónir króna. Þetta er mikið fé fyrir veikburða sveitarfélag.

**Á árinu 2015 vantar um 85 milljónir króna til að ná saman endum í málaflokki fatlaðra í Ísafjarðarbæ,** en um 120 milljónir á svæði Byggðasamlags Vestfjarða öllu. R3 ráðgjafafyrirtækið hefur að beiðni stjórnvalda gert úttekt á rekstri málefna fatlaðra á Vestfjörðum og ekki fundi neitt aðfinnsluvert. Þessar 85 milljónir króna munu óbættar hafa alvarlegar afleiðingar fyrir fjárhag Ísafjarðarbæjar og skuldastöðu.

**Vatnsflóðin 8. febrúar síðastliðinn, tjón Ísafjarðarbæjar er um 85 milljónir króna. Af flóðunum leiddi margháttar tjón,** s.s. á gervigrasvelli bæjarins, fráveitukerfi, safnahúsi og sundlauginni á Suðureyri. Auk þess var mikill kostnaður við almannavarnir og dælingu. Áfallinn kostnaður sveitarfélagsins er um 35 milljónir fyrir utan að gervigrasvöllurinn er ónýtur, tjón sem varla er hægt að meta lægra en 50 milljónir króna. Tryggingafélög hafa auk þess bætt íbúum um 35 milljónir króna.

Væntanlega verður í framhaldinu ráðist í gerð nýs gervigrasvallar á aðalvelli sveitarfélagsins á Torfnesi eftir því sem efnahagur bæjarins leyfir. Vonir standa til að þetta geti orðið á árunum 2016-2017, en verður mikið átak sem kosta mun á bilinu 150-200 milljónir króna.

**Ósjálfbær lán úr félagslega íbúðarkerfinu** - Lán sem Fasteignir Ísafjarðarbæjar tóku í arf frá félagslega íbúðarkerfinu eru um 500 milljónir umfram fasteignaverð og eru baggi á Ísafjarðarbæ.

## Mikilvæg tækifæri til þróunar og framfara í Ísafjarðarbæ sem gefa tilefni til aðkomu ríkisvaldsins

**Þjónustuturnar/vöggur** – Þróun þjónustumiðstöðva í minni þorpum til að bregðast við samdrætti ýmissar þjónustu fyrirtækja, ríkis og sveitarfélaga. Rætt hefur verið við þingmenn s.s. Gunnar Braga Sveinsson, Einar K. Guðfinnsson, Ásmund Einar Daðason, Elsu Láru Árnadóttur, Lilju Rafneyju Magnúsdóttur, Harald Benediktsson og Hörð Ríkharðsson. Vinna stendur yfir með Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Byggðastofnun og Fjórðungssambandi Vestfirðinga. Ætlunin er að hefja tilrauna- og þróunarverkefni á **Pingeyri** og að sú þróun standi í 3 ár þannig að fullnægjandi reynsla og þróun náist. Búin yrðu til viðmið og skilgreindar þarfir fyrir þéttbýliskjarna m.v. stærð þeirra. Á grunni þessarar þróunar mætti hefja sömu vegferð í öðrum þorpum landsins.

Tilraunin gæti kallað á allt að 2 stöðugildi og húsnæði.

### Hvalárvirkjun – Hringtenging rafmagns um Ísafjarðardjúp

Leggja þarf vinnu í undirbúning að virkjun Hvalár og jafnframt að tryggja örugga raftengingu á Vestfjörðum með nægilegri flutningsgetu til að leyfa uppbyggingu iðnaðarverkefna í minni skala en sem nemur álverum. Æskilegt væri að ráðstafa fjármunum í þessa vinnu á næstu 1-2 árum. Hringtengja þarf Vestfirði um Strandir og ætti að líta til þess að þannig lækkar væntanlega tengigjald Hvalárvirkjunar, en það stendur framkvæmdinni fyrir þrifum.

Nauðsynlegt er lagður verði aflstrengur um Ísafjarðardjúp sem tryggt gæti orku til uppbyggingar, t.d. tengt fiskeldi og kalkþörungavinnslu, en kalkþörungaverkefni liggja fyrir dyrum í Súðavík og Bolungavík og stendur orkutengingargjald þeim fyrir þrifum.

**Hafnarframkvæmdir í Öryggiskyni við Mávagarð** – Upphaflega, þegar Mávagarður var hannaður, var fyrirhugað að gera brúsa utan um endann á Mávagarð en það var síðar skorið niður. Það hefur komið í ljós að Hafnarmannvirkið Mávagarður er ófullnægjandi til að þjónusta þau olíuskip sem þangað koma og oft liggur við stórslysi þar sem afturendi skips hefur engan kant til að leggjast að. Gera verður ráð fyrir að verkefnið Stuðkantur og Stormpolli kosti 30 milljónir.

**Nýtingaráætlanir strandsvæða** – Nýtingaráætlun Ísafjarðardjúps og annarra strandsvæða á Vestfjörðum er mikilvægt brautryðjendastarf sem er í raun unni í þágu ríkisins, á meðan sveitarfélögin hafa ekki skipulagsvald yfir strandsvæðum sínum. 20-30 milljónir á ári næstu 5-8 árin gætu nýst vel í þetta verkefni. Nauðsynlegt er að hraða þessu eins og hægt er, því að fiskeldi vex hratt fiskur um hrygg á Vestfjörðum, því mun fylgja mikill hagvöxtur en undirstöðurnar þurfa að vera góðar og mikilvægt að skipulag og framtíðarsýn liggja fyrir í tæka tíð en komi ekki eftir á.

**Verknám í Menntaskólanum á Ísafirði** – Fjárframlög til Menntaskólans á Ísafirði þurfa að vera nægjanleg því brýnt er að eini framhaldsskóli fjórðungsins geti boðið upp á sem fjölbreyttast námsframboð. Sérstaklega þarf að horfa til mikilvægis skólans í styrkingu verkþekkingar á svæðinu eftir atgervisflóttu undanliðinna ára.

Kvaðir um stærð hópa í verknámi gerir það að verkum að slíkir nema flýja Ísafjarðarbæ og leita sér náms annarsstaðar, enda verður verknám ekki kennt af neinu viti í fjarnámi. Þessir einstaklingar eru líklegir til að koma á fót sprotafyrirtækjum á sínum fyrstu árum og þá þar sem þeir eru staðsettir. Sérlausnir eru nauðsynlegar til að vinna gegn þessari þróun.

Skólinn þarf að fá tryggar fjárheimildir til að reka ákveðnar verknámsbrautir á árunum til 2025, en þá hillir undir fjölgun nýnema í framhaldsskóla á Vestfjörðum á nýjan leik. Þetta gæti kostað um 30 milljónir króna á ári. Að öðru kosti eigum við á hættu að festast í neikvæðum spíral þar sem stöðugt dregur úr getu skólans til að sinna nemendum.

**Háskólasetur Vestfjarða** – Óhætt er að fullyrða að fátt hefur unnið jafn kröftuglega á mótí atgervisflóttu af norðvestanverðum Vestfjörðum eins og Þróunarsetur Vestfjarða og er Háskólasetur Vestfjarða spottið úr þeim grunni og er rekið í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Háskólasetrið er mikilvægur þáttur í eflingu atgervis og menntunar á Vestfjörðum og er starfrækt öflugt meistaranám. Áframhaldandi styrking þess er afar mikilvæg.

Útfæra má nýjar námsleiðir sem gætu byggt á þeim grunni sem fyrir er í Háskólasetrinu en yrðu engu að síður með sérstöðu í íslensku háskólanámi. Einnig mætti bæta við stöðugildi til halda utan um „case stúdíur“ úr náttúru og samfélagi Vestfjarða sem nemendur og aðrir gætu byggt við og safnað þannig saman mikilvægri þekkingu og reynslu varðandi strandsvæði landsins.

Háskólasetrið getur átt aðkomu að fiskeldisrannsóknnum og nýtingaráætlunum strandsvæða. Tryggja verður rekstrargrundvöll og núverandi námsframboð Háskólaseturs Vestfjarða til framtíðar ásamt nauðsynlegu fjármagni til frekari uppbyggingar nýrra námsbrauta, t.a.m. í meistaranámi.

**Bygging Hornstrandastofu** – Umhverfisstofnun og Ísafjarðarbær stefna að byggingu Hornstrandastofu og lifandi sýningar tengt efninu sem yrði í umsjá Byggðasafns Vestfjarða. Kostnaður yrði sem svarar einu stöðugildi á ári, eða um 9,0 m.kr. Verkefnið var kynnt af Kristínu Lindu Árnadóttur og bæjarstjóra á fundi þeirra með Sigrúnu Magnúsdóttur umhverfisráðherra. Ætlunin er að verkefnið hefist árið 2017.

## Framtíðarsýn Ísafjarðarbæjar

### Grunnstoðir

- Fiskveiðar- og vinnsla - Kallar á samgöngur, alþjóðaflugvöll, hafnarmannvirki, vegi.
- Fiskeldi og tengd vinnsla - Kallar á samgöngur, alþjóðaflugvöll, hafnarmannvirki, vegi.
- Ferðaiðnaður - Kallar á stefnumótun og samgöngur, vegi, innanlandsflug, e.t.v. alþjóðaflug.

Með nútímalegum samgöngum munu þær auðlindir sem umlykja Vestfirði auðveldlega tryggja hér blómlega efnahagsstarfsemi. Tryggja þarf að fullnægjandi afgjald komi til sveitarfélaga af umsvifum fiskeldisfyrirtækja í fjörðum Vestfjarða, sem og annars staðar.

### Aðrar stoðir

Aukið stig þekkingar og menntunar þarf að byggjast upp á Vestfjörðum til að styrkja þar nýsköpun og þróun.

Byggja þarf upp rannsóknar- og háskólastarf sem snýst um Vestfirði, auðlindir þeirra og hagsmunir. Þetta hefur verið gert í Háskólasetri Vestfjarða og er auðvelt að byggja við.

Tryggja þarf verkmenntun. Það verður best gert með stuðning við að halda gangandi verknámsbrautum í MÍ.

## Frekari skýringar og önnur mál

### Hafnarmannvirki í samræmi við samgönguáætlun

**Sá hlutur ríkisins í heildarkostnaði lokinna framkvæmda árána 2013 og 2014 sem enn er ógreiddur, um 45 m.kr., er þungur baggi fyrir Hafnir Ísafjarðarbæjar og Ísafjarðarbæ.** Til að framlag ríkisins af heildarkostnaði við endurbyggingu löndunarkants á Suðureyri nái 60% vantar 36 milljónir og þá vantar 10-12 milljónir vegna nýrrar olíuhafnar á Mávagarði.

**Það vantar einnig 27-30 milljónir til þess að hægt verði að klára bráðnauðsynlegar framkvæmdir við hafnaraðstöðuna á Mávagarði, en nú stafa hættu fyrir lengri skip af ástandi hafnarkantsins.**

Í samgönguáætlun 2007-2010 voru tvö verk á dagskrá hjá höfnum Ísafjarðarbæjar, bygging á olíuhöfn á nýjum stað á Ísafirði, Mávagarði, og endurbygging löndunarkants á Suðureyri. Bæði verkin voru á framkvæmdaáætlun samkvæmt Samgönguáætlun. Hafnarstjórn ákvað á sínum tíma, og var það einnig samþykkt í bæjarstjórn, að ráðast í þessi verkefni og Siglingastofnun var falið að bjóða verkin út á þeim tíma sem var í þau farið.

Tafir af hálfu ríkisins vegna ytri aðstæðna í hagkerfinu leiddu til þess að ekki hafist handa við verkin fyrir en árinu 2010. Hafnir Ísafjarðarbæjar fylgdu ráðleggingum Siglingastofnunar um hvernig framkvæmdir skyldu skipulagðar. Í samgönguáætlun kom skýrt fram að hlutur ríkisins í framkvæmdunum væri 60%. Þar sem fullnægjandi fé var ekki varið til fullnustu áætlunarinnar nær sú fjárhæð sem Hafnir Ísafjarðarbæjar hafa fengið frá ríkinu alls ekki þessum 60%.

Það varð ekki ljóst fyrir en við lokauppgjör á framkvæmdunum á Mávagarði að ríkið ætlaði ekki að koma með viðbótarfjármagn til að ljúka uppgjöri á því verkefni en þá þegar var alltaf gengið út frá að viðbót kæmi þegar opnað yrði á ríkisstyrki að nýju með nýjum lögum sem voru í undirbúningi og höfðu verið lengi í pípunum. Þarna vantar um 12 m.kr. upp á mótframlag ríkisins.

Varðandi Suðureyri þá var það fyrirbyggjandi að einungis voru eftir 4 milljónir af eyrnamerktu ríkisfé en ekki talið hægt annað en ljúka verkinu og klára þekjuna, enda gat ekki gengið að hafa flakandi moldarflag opið beint framan við fiskmóttöku hjá Íslandssögu. Þá var einnig gengið út frá því að þetta

væri einungis tímabundin fjármögnun þar til að ríkiskassinn væri búinn að jafna sig eftir kreppuna. Þarna vantar um 36 m.kr. upp á mótframlag ríkisins.

Einnig er mikilvægt að leggja áherslu á að hafnarmannvirkið á Mávagarði er ekki að fullu tilbúið þar sem enn vantar „tunnuna“ sem skorin var af framkvæmdinni. Alltaf var gengið út frá því að þybba (stuðpúði) eða brúsi væri í forgangi þegar farið yrði að veita fjármagni aftur til hafnargerðar. Hafnaraðstaðan á Mávagarði er í raun hættulegt mannvirki þar til „tunnan“ er komin þar sem að við viss veðurfarsleg skilyrði skapast hættulegar aðstæður, hafnarmálasvið Vegagerðarinnar vinnur nú áhættumat vegna þessa.

Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, hafnarstjóri og formaður hafnarstjórnar Ísafjarðarbæjar ræddu þessi mál við Sigurberg Björnsson á fundi í Innanríkisráðuneytinu þann 24. júní 2015. Bæjarstjóri hittir einnig Hrein Haraldsson, vegamálastjóra, og Sigurð Áss Grétarsson þann 15. júní 2015.

**Sá hlutur ríkisins í heildarkostnaði lokinna framkvæmda áráanna 2013 og 2014 sem enn er ógreiddur, um 45 m.kr., er þungur baggi fyrir Hafnir Ísafjarðarbæjar og Ísafjarðarbæ.** Til að framlag ríkisins af heildarkostnaði við endurbyggingu löndunarkants á Suðureyri nái 60% vantar 36 milljónir og þá vantar 10-12 milljónir vegna nýrrar olíuhafnar á Mávagarði.

**Það vantar einnig 27-30 milljónir til þess að hægt verði að klára bráðnauðsynlegar framkvæmdir við hafnaraðstöðuna á Mávagarði, en nú stafa hættu fyrir lengri skip af ástandi hafnarkantsins.**

### Málefni fatlaðs fólks

Lækkunar á framlögum hins opinbera hafa mikil neikvæð áhrif á rekstur málaflokks fólks með fötlun. Í tilfalli Ísafjarðarbæjar er um að ræða slíkar fjárhæðir að útilokað er að sveitarfélagið ráði við vandann. Þessi vandi bætist ofan á önnur erfið viðfangsefni, íbúum sveitarfélagsins hefur fækkað úr nærri 5000 í 3600 á þeim tuttugu árum sem liðin eru frá stofnun og virðist enn fara fækkandi. Þessir íbúar þurfa engu að síður að bera byrðarnar af að halda uppi nánast jafn umfangsmiklum innviðum. Rekstur Ísafjarðarbæjar hefur verið í járnum lengi en þó hefur tekist að koma rekstri og skuldsetningu í gott horf með mikilli útsjónarsemi og sparnaði sem stundum hefur bitnað á íbúum og innviðum.

Búið er að gera úttekt á rekstri málaflokksins hjá Byggðasamlagi Vestfjarða og ekki fannst neitt athugavert við framkvæmd hans. Ekki er hægt að fara fram á neitt minna en að hallinn af málefnum fatlaðra verði að fullu bættur, annað væri fullkomið ábyrgðarleysi og stofnar rekstri sveitarfélagsins. Í hættu. Ef ekki fæst fullnaðarfjármögnun með málaflöknum á landsvísu á árinu 2015, þá er ljóst að Ísafjarðarbær þarf að fá sérlausnir á vandanum, og væntanlega fleiri sveitarfélög á Vestfjörðum.

Árið 2014 var neikvæður mismunur á framlögum Jöfnunarsjóðs og áætlunar BsVest sem nemur kr. 14.000.000,-. Árið 2015 stefnir í neikvæðan mismun á framlögum Jöfnunarsjóðs og áætlunar BsVest sem nemur rúmlega kr. 120.000.000,-. Líkast til má gera ráð fyrir að viðbótarframlag verði kr. 35.000.000,-. Niðurstaðan verði því neikvæð um rúmlega kr. 85.000.000,-. Síðustu tölur vegna áætlunar 2015 bárust frá Jöfnunarsjóði þann 26. júní 2015 en samkvæmt upplýsingum er víst ekki um endanlega áætlun að ræða. Ekkert útlit er fyrir að Jöfnunarsjóður hækki framlög fyrir árið 2016. Þá má gera ráð fyrir sömu neikvæðu niðurstöðu fyrir BsVest, eða kr. 85.000.000,-, verði viðbótarframlag samþykkt.

Forsendur lækkunar af hálfu hins opinbera á framlögum hafa aldrei verið gefnar. Þ.e.a.s. verðmat á fötlunarflokkum og krónutala á hvern þátt SIS mats. Allt bendir til að upphæðirnar séu ekki í nokkrum takti við raunkostnað. Spurning hvort þar liggja hundurinn ekki grafinn.

Krónutala vegna fötlunarflokka hefur staðið í stað lengi eða a.m.k. frá því í maí 2013. SIS mat virðist í flestum tilfellum allt of lágt í krónum talið, sérstaklega vegna þeirra sem hafa mikla fötlun.

Með breytingum á fötlunarflokkum og því að nú er ekki greitt lengur fyrir einstaklinga sem þarfnast þjónustu sem kostar fjórar milljónir eða minna er fótunum kippt undan sveitarfélögum sem veita viðkomandi einstaklingum þjónustu. Þar munar mestu um miklar sveiflur í kostnaði á litlum svæðum þar sem verið er að þjónusta fáa einstaklinga.

### Ósjálfbær lán úr félagslega íbúðarkerfinu

Lán sem Fasteignir Ísafjarðarbæjar tóku í arf frá félagslega íbúðarkerfinu eru langt umfram fasteignaverðin. Fasteignamat eignanna var 890 milljónir króna 31. desember 2014, bókfært virði var kr. 690 milljónir en skuldir kr. 1.305 milljónir. Umfram skuldsetning íbúðanna er því um 400 - 600 milljónir króna. Tap ársins 2014 var um 30 milljónir króna, sem var þó í lágmarki vegna lágrar verðbólgu. Tap árána 2012 og 2013 var á milli 70 og 80 milljónir hvort ár. **Þetta þýðir árlegan halla upp á 30-80 milljónir fyrir Ísafjarðarbæ**, sem er mikill baggi. Koma Varasjóði húsnæðismála aftur í sitt hlutverk hvað þetta varðar.

### Dýrafjarðargöng

Standa þarf við áætlanir og fyrirheit um gerð Dýrafjarðarganga 2016-2019 og að **endurgerð vega um Dynjandisheiði verði flýtt eins og kostur er.**

### Fiskeldi á Vestfjörðum.

Allt stefnir í að uppistaða fiskeldis á Íslandi verði á Vestfjörðum og að ýmis eftirlits- og rannsóknastörf tengd fiskeldi ættu því best heima á þar. Óhemju miklir framleiðslumöguleikar eru í fiskeldi á Vestfjörðum en ekki að sama skapi annarsstaðar á landinu. Nauðsynlegt er að huga að því að afgangur verði greitt til samfélaga á Vestfjörðum af þeirri auðlind sem aðstaðan er.

**Til mikils er að vinna fyrir þjóðarhag að uppbygging fiskeldisframleiðslu og sköpun verðmæta frá henni dragist ekki** frekar en nauðsynlegt er, með þeim fyrirvara að ekki ætti að slaka á varúð í umhverfismálum. Ísafjarðarbær hefur bent á að útibú Hafrannsóknarstofnunar, Fiskistofu og Háskólasætur Vestfjarða megi efla í því skyni að hlúa að möguleikum fiskeldis.

### Fiskistofa

Útibú Fiskistofu á Ísafirði hefur nú verið mannlaut í rúm tvö ár. Það er stórundarlegt í ljósi þess afla sem kemur á land á Vestfjörðum. Nauðsynlegt er að útibúið verði einnig eflt með störfum tengdum fiskeldi og eftirliti með því. **Mikilvægt er að ná þessu útibúi upp í a.m.k. 10 starfa einingu þannig að það standi traustum fótum.** Hvort að starfsstöðin er sameiginleg Fiskistofu og MAST eða sett upp með einhverjum öðrum hætti er útfærslu atriði sem Ísafjarðarbær hefur ekki skoðun á, a.m.k. ekki að svo komnu máli.

### Hafrannsóknarstofnunin

**Sömu sjónarmið um stærð starfsstöðva eiga að sjálfsögðu einnig við um útibú Hafrannsóknarstofnunarinnar á Ísafirði. Þar voru sjö stöðugildi en hefur nú fækkað um eitt.** Ekki er vitað annað en að vel hafi tekist til með uppbyggingu þess útibús undanfarin ár. Æskilegt er að sú starfsstöð verði stækkuð eins og kostur er, bæði henni til styrkingar en einnig má spyrja sig hvaða hlutverk Hafrannsóknarstofnunin muni hafa með hendi í vinnu sem tengist fiskeldi og uppbyggingu þess. Ljóst er að ýmsar rannsóknir og eftirlit með umhverfisþáttum ýmsum þarf að eiga sér stað á næstu árum og gæti útibú Hafrannsóknarstofnunar á Ísafirði sinnt því með hagkvæmum hætti.

### Orkukostnaður hár á Vestfjörðum

Leiðrétta þarf að fullu kostnað við húshitun til að jafna kostnað á milli kaldra svæða og þar sem hitaveitur eru.

## Innanlandsflug - Alvöru innandlandsflugvöllur

Til að fá áreiðanlegar flugsamgöngur til Vestfjarða, sem standast tímaskipulagningar nútímafólks, þarf að fá fullkominn innanlandsflugvöll (helst af öllu tveggja brauta) á norðanverðum Vestfjörðum, með 90-95% nýtingu og réttindum til millilandaflugs. Ríkisvaldið þyrfti að koma með heimamönnum í leit að heppilegum stað fyrir slíkan völl s.s. með veðurfarsathugunum. Nýr tveggja brauta flugvöllur sem kæmi í stað núverandi flugvalla, sem er ófært til 2-3 mánuði á ári (100-150 flug árlega), gæti mögulega kostað svipað og ein jarðgöng.

Minnt er á að kostnaður flugfarþega í innanlandsflugi er svo hár að almenningur veigrar sér við notkun flugs en nýtir þess í stað akstur á einkabílum ef tók er á. Spyrja má hvort það er heppileg þróun m.t.t. eldsneytisnotkunar. Nefnd á vegum innanríkisráðherra skilað skýrslu um málið í byrjun árs, <http://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/nr/29216>.

## Þingeyrarflugvöllur.

**Um 90 milljónir vantar í viðgerðir á honum** svo hann nýtist sem varaflugvöllur að vetrarlagi. Þá er flugvöllurinn jafnframt rúinn tækjum sem flutt hafa verið á aðra flugvelli.

## Ísafjarðarflugvöllur.

Mikilvægt er að **tryggja að hann hafi réttindi sem millilandaflugvöllur** með tilliti til Grænlandsflugs. Þá eru bílastæði ómalbikuð (20 milljónir) en malbikunarteymi verður á Ísafirði næsta sumar.

## Alþjóðflugvöllur til fiskflutninga

Huga þarf að alþjóðaflugvelli fyrir vöruflutninga á Vestfjörðum í náinni framtíð. Slíkt myndi gjörbreyta möguleikum til fiskvinnslu og einnig möguleikum þess fiskeldis sem nú er í ákaflega örum vexti á Vestfjörðum.

## Refaveiðar – fjármagn skortir

Tilstyrkur ríkisins til refaveiða í Ísafjarðarbæ er nánast enginn, til þess þykir sveitarfélagið ekki nógu dreifbýlt. Með því fyrirkomulagi sem kynnt hefur verið verður sveitarfélagið eitt að standa að fjármögnun refaeyðingar á stórum hluta Vestfjarða, það er ekki líklegt að sveitarfélagið setji mikið fé í þetta án mótframlags.

## Skjólskógar

Starfshópur um sameiningu verkefna á sviði skógræktar hefur lagt til að þetta starf verð sameinað Skógrækt ríkisins og öðrum skógræktarverkefnum landshluta. Ísafjarðarbær leggur áherslu á að starfseminni í okkar landshluta verði engu að síður haldið áfram.

F.h. Ísafjarðarbæjar

---

Gísli H. Halldórsson, bæjarstjóri



R3-Ráðgjöf ehf.

## Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Endurmat í málefnum fatlaðra

**Vestfirðir**



## Efnisyfirlit

|  |           |
|--|-----------|
| <b>Efnisyfirlit .....</b>  | <b>2</b>  |
| <b>Samantekt .....</b>   | <b>3</b>  |
| <b>1. Málefni fatlaðra – yfirlit og skipulag .....</b>           | <b>5</b>  |
| <b>2. Þjónusta við fatlaða á svæðinu.....</b>                    | <b>8</b>  |
| <b>3. Fjármál - yfirlit.....</b>                                 | <b>11</b> |
| Ísafjörður .....   | 14        |
| Djúp .....   | 16        |
| Strandir og Reykhólahreppur .....                                | 16        |
| Vestur-Barðastrandarsýsla .....                                  | 17        |
| <b>4. Búsetuþjónusta, hæfingarstöðvar og skammtímvistun.....</b> | <b>18</b> |
| Fjarðarstræti, Ísafirði.....                                     | 18        |
| Pollgata, Ísafirði.....  | 19        |
| Sindragata, Ísafirði.....  | 20        |
| Hólmavík.....  | 21        |
| Sindragata 4-6, Ísafirði - skammtímvistun.....                   | 22        |
| <b>5. Samanburður á starfsstöðvum .....</b>                      | <b>23</b> |
| <b>6. Ábendingar frá forsvarsmönnum.....</b>                     | <b>24</b> |

## Samantekt

- Byggðasamlag Vestfjarða (BsVest) var stofnað til að halda utan um málefni fatlaðra á Vestfjörðum. Vestfirðir eru eitt þjónustusvæði sem skiptist svo í fjögur félagsþjónustusvæði, Ísafjörð, Djúp, Strandir og Reykhólahrepp og Vestur-Barðastrandasýslu.
- Búsetuúrræði eru þrjú á Ísafirði fyrir níu íbúa og eitt á Hólmavík fyrir einn íbúa, samtals fyrir tíu íbúa. Hæfingarstöð og skammtímavistun eru á Ísafirði. Meðal SIS mat þessara tíu íbúa er 10,6 enda eru flest þeirra í þungstu flokkunum.
- Meðalstöðugildi á íbúa var 2,74 árið 2014 í búsetu á Ísafirði og meðalkostnaður á íbúa 20,7 m.kr. Meðalstöðugildi á íbúa pr. meðal SIS gildi var 0,25 (sjá töflu 13). Þá er verið að fá vísbendingu um hvað hvert SIS stig kostar í mannahaldi en rétt að taka fram að einungis er um nálgun að ræða þar sem þjónustuþyngd getur verið mismunandi innan hvers flokks í SIS mati. Þessi nálgun bendir þó til þess, með vísan í útreikninga á búsetuúrræðum annars staðar á landinu, að reksturinn sé hagkvæmur þegar meðalgildið er um og undir 0,20 en ástæða til að skoða betur reksturinn þegar meðalgildið er komið í 0,22 og hærra.
- Framlög til málefna fatlaðra á Vestfjörðum jukust úr 238,5 m.kr. árið 2011 í 317,2 m.kr. árið 2014 á verðlagi hvers árs eða um 33%. Þjónustuþörfin hefur aukist jafnt og þétt og útgjöld í takt við það. Þá kom til 11,54% hækkun á launakostnaði frá 1. maí 2014 vegna endurskoðunar á starfsmati.
- Ljóst er að mikið ber á milli Jöfnunarsjóðs og BsVest hvað varðar áætlun um fjárþörf í málaflokki fatlaðra á Vestfjörðum. Þannig virðist vera nokkur munur á mati aðila á þjónustuþörf fatlaðra einstaklinga og kostnaðargreiningum sem liggja til grundvallar fjárveitingum. Í því efni hefur sérstaklega verið nefnt greiðslufall með fötluðum einstaklingum sem verða 18 ára. Skýrsluhöfundur telur mikilvægt að fyrir liggji áreiðanlegt mat á þjónustuþörf og kostnaði vegna fatlaðra einstaklinga undir 18 ára aldri annars vegar og hins vegar þegar viðkomandi verða 18 ára og fá SIS mat.
- Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hafa farið lækkandi undanfarin ár og talsverð frávik eru milli áætlaðra framlaga og endurskoðaðra framlaga fyrir sömu ár eins og neðangreind tafla sýnir.

|  | 2013        | 2014        | 2015        |
|--|-------------|-------------|-------------|
| Áætlun 2013 kom í maí 2013               | 230.000.000 |             |             |
| Hækkun áætlunar 2013 kom í nóv. 2013     | 29.000.000  |             |             |
| Samtals áætlun 2013                      | 259.000.000 |             |             |
| Áætlun 2014 kom í apríl 2014             |             | 274.000.000 |             |
| Lækkun áætlunar 2014 kom í desember 2014 |             | -50.000.000 |             |
| Samtals áætlun 2014                      |             | 224.000.000 |             |
| Áætlun 2015                              |             |             | 230.000.000 |
| Endurskoðun ekki farið fram              |             |             |             |
| Samtals áætlun 2015                      |             |             | 230.000.000 |

Áætlun verkefnisstjóra um fjárbörf í málefnum fatlaðra á Vestfjörðum nam 403,0 m.kr. fyrir árið 2015. Stjórn BsVest var tilbúin að vinna út frá 344 m.kr. Tekjur eru hinsvegar áætlaðar 283,8 m.kr. Vöntun ársins 2015 nemur um 60 m.kr. en auk þess nam fjárvöntun ársins 2014 um 50 m.kr. eða samtals 110 mkr. bæði árin.

Dæmi um ófjármagnaða þjónustubörf eða hagræðingaraðgerðir sem gripið hefur verið til:

|              |  |
|--------------|--|
| Ísafjörður   | Niðurskurður ráðgjafarþroskabjálfa árið 2013 og síðar. Var árið 2011 og 2012. 1,0 stg.   |
| Ísafjörður   | Niðurskurður þroskabjálfa árið 2013 og síðar. Var árið 2011 og 2012. 0,5 stg.  |
| Ísafjörður   | Brýn þörf að ráða 1,43 stg. næturvarðar frá og með 2013  |
| Strandabyggð | Búsetuúrræði eins einstaklings var áætlað 33,0 m.kr. árið 2015, BsVest samþykkti 25 m.kr. en Jöfnunarsjóður sveitarfélaga samþykkti 20,0 m.kr. |

7. Útgjöld vegna skrifstofuhalds og þjónustu BsVest nema um 8-12 m.kr. á ári. Sparnaður yrði því hlutfallslega lítill af því að leggja BsVest niður auk þess sem líkur eru á því að stærsti aðilinn, Ísafjarðarbær, myndi taka umsýslugjald fyrir þjónustuna ef hann tæki hana að sér. Hins vegar má líka velta því fyrir sér hvort starfsemi eða milliganga BsVest um samskipti við Jöfnunarsjóðinn skapi fjarlægð milli sveitarfélaganna og sjóðsins. Og hvort það sé slæmt eða gott.

8. Lagt er til að BsVest taki eftirfarandi rekstrar- og þjónustubætti til skoðunar:

- Hagkvæmni þess að færa yfirstjórn verkefnisins úr höndum byggðasamlags yfir á hendur Ísafjarðarbæjar sem seldi öðrum sveitarfélögum þjónustu.
- Möguleika á því að auka hagkvæmni búsetuúrræða með því að fjölga íbúum í hverjum kjarna (t.d. með því að sameina þá).
- Möguleika á því að einfalda fyrirkomulag ráðgjafar og stjórnunar hjá einstökum félagsþjónustusvæðum.
- Möguleika á sameiningu þjónustusvæða t.d. Djúp og Ísafjörður.
- Möguleika á því að ná fram lækkun á húsaleigu vegna hæfingar á Ísafirði.
- Möguleika á að breyta vinnuskipulagi og fyrirkomulagi vakta til hagræðingar. Reykjavíkurborg hefur sem dæmi tekið upp svokallaða dálkaframsetningu í vinnuskipulagi starfsmanna sem leitt hefur til sparnaðar.
- Möguleika á að draga úr rekstrarkostnaði við skammtíavistun á Ísafirði, hugsanlega með sameiginlegri næturvakt með íbúðasambýli í sama húsi.
- Möguleika á því að leysa þjónustu á Hólmavík með hagkvæmari hætti.
- Hagkvæmni þess að þjónusta við fatlað fólk á félagsþjónustusvæði Stranda og Reykhólahrepps verði leyst í samstarfi við byggðasamlag um málefni fatlaðra á Vesturlandi.

## 1. Málefni fatlaðra – yfirlit og skipulag

Þann 1. janúar 2011 fluttist rekstur málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Öll sveitarfélögin á Vestfjörðum utan Bæjarhrepps tóku ákvörðun um að standa saman að stofnun Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks til að sinna þessu nýja hlutverki. Tekin var ákvörðun um að byggðasamlagið yrði byggðasamlag með dreifðri þjónustu þar sem þjónustan yrði byggð upp á hverju og einu félagsþjónustusvæði.

Þau skilyrði voru sett við verkefnaflutninginn að lágmarksíbúatala á hverju þjónustusvæði væri 8.000 en þar sem Vestfirðingar ná því ekki þurfti að sækja um undanþágu, sem var veitt.

Þjónustusamningur var gerður milli sveitarfélaganna og Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks. Vestfjörðum er skipt upp í fjögur félagsþjónustusvæði sem eru:

### Félagsþjónusta Ísafjarðarbæjar

Ráðgjöf, stuðningsfjölskyldur, skammtímavistun (fyrir alla Vestfirði), hæfing/iðja (fyrir alla Vestfirði), atvinnutengd úrræði, frekari liðveisla, lengd viðvera, þjónustuíbúðir (sólahringsþjónusta) og sumarúrræði.

### Félagsþjónustan við Djúp

Ráðgjöf, stuðningsfjölskyldur, skammtímavistun (veitt á Ísafirði) hæfing/iðja (veitt á Ísafirði) og frekari liðveisla.

### Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps

Ráðgjöf, stuðningsfjölskyldur, skammtímavistun (veitt á Ísafirði), hæfing/iðja (veitt á Ísafirði), frekari liðveisla og þjónustuíbúð.

### Félagsþjónusta Vestur - Barðarstrandasýslu

Ráðgjöf og skammtímavistun (veitt á Ísafirði).

Markmið þjónustusamningsins eru eftirfarandi:

- Tryggja fötluðu fólki samþætta og heildstæða nærþjónustu.
- Laga þjónustu að þörfum og óskum fatlaðs fólks með hliðsjón af ólíkum aðstæðum og stuðla þannig að auknu sjálfstæði þess.
- Efla félagsþjónustu á svæðinu.
- Þróa samstarf sveitarfélaga á svæðinu.
- Stuðla að hagræðingu í rekstri með samþættingu þjónustu- og rekstrarþátta.

### Stjórn

Stjórn BsVest er sú sama og stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga. Í árslok 2014 var stjórnin þannig skipuð:

Friðbjört Matthíasdóttir, formaður  
Baldur Smári Einarsson, varaformaður  
Daníel Jakobsson  
Ingibjörg Emilsdóttir  
Sigurður Hreinsson

Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga er jafnframt framkvæmdastjóri BsVest. Hann heldur utan um fjármál byggðasamlagis og sér m.a. um greiðslur framlaga til sveitarfélaganna. Aðalsteinn er verkefnisstjóranum jafnframt til ráðgjafar varðandi hin ýmsu málefni er varða sveitarfélögin.

## Verkefnahópur

Félagsmálastjórar félagsþjónustusvæðanna fjögurra ásamt verkefnastjóra og framkvæmdarstjóra mynda verkefnahóp, sem heyrir undir stjórn BsVest, og fer með faglega stjórn málefnisins s.s. samræmingu þjónustunnar, leggur fram tillögur að skiptingu fjármuna o.fl.

Félagsmálastjórar félagsþjónustusvæðanna fjögurra sjá um alla daglega framkvæmd á sínu svæði s.s. að annast rekstur stofnana, sinna ráðgjöf og halda utan um einstaklingsmál.

Verkefnahópurinn starfar samkvæmt erindisbréfi frá stjórn BsVest.

Í árslok 2014 sátu eftirfarandi í verkefnahópnum:

Sif Huld Albertsdóttir, verkefnastjóri, formaður.

Margrét Geirsdóttir, félagsmálastjóri Ísafjarðarbæjar.

Guðný Hildur Magnúsdóttir, félagsmálastjóri Félagspjónustunnar við Djúp.

María Játvarðardóttir, félagsmálastjóri Félagspjónustu Stranda og Reykhóla.

Elsa Reimarsdóttir, félagsmálastjóri Félagspjónustu Vestur - Barðastrandarsýslu.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdarstjóri.

## Hlutverk verkefnahópsins

- Að vera stjórn BsVest til ráðgjafar hvað varðar málefni fatlaðs fólks á starfssvæði byggðasamlagsins.
- Að gera tillögur til BsVest um uppbyggingu og þróun þjónustu við fatlað fólk á starfssvæði byggðasamlagsins.
- Vinna að stefnumótun fyrir starfssvæðið.
- Að vera faglegur umsagnaraðili fyrir BsVest varðandi málefni fatlaðra.
- Að gæta samræmis í þjónustu við fatlaða á starfssvæði byggðasamlagsins
- Að meta breytingar á þjónustuþörf og umfangi þjónustu á næstkomandi ári fyrir 1. nóvember ár hvert.
- Gera tillögur um breytingar á rekstri heimila og þjónustustofnana, fjalla um umsóknir um búsetu og meta þörf fyrir skammtíamvistun.
- Að sinna öðrum verkefnum sem stjórn BsVest kann að fela verkefnahópnum.

## Verkefnastjóri

Verkefnastjóri var ráðinn í 80% starf frá 15. febrúar 2011 og hefur stöðuhlutfallið ekki breyst frá þeim tíma. Verkefnastjóri skal vera starfandi formaður verkefnahópsins en framkvæmdastjóri BsVest ritari hans. Samkvæmt erindisbréfi eru verkefni hans eftirfarandi:

### Almennt ábyrgðarsvið:

Verkefnastjóri Byggðasamlagsins hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd þjónustusamnings um málefni fatlaðra og ber ábyrgð á því gagnvart framkvæmdarstjóra og stjórn BsVest að honum sé framfylgt. Hann skal leiðbeina um framkvæmd þjónustunnar og hefur rétt til íhlutunar um framkvæmd einstakra mála ef þörf krefur í samráði við félagsmálastjóra á viðkomandi svæði, en skal leggja ákvarðanir sínar fyrir stjórn BsVest. Verkefnastjóri er starfandi formaður verkefnahóps um málefni fatlaðra og ber ábyrgð á að unnið sé í samræmi við lög og reglugerðir er varða málefni fatlaðra, þjónustusamninginn og staðfestar samþykktir verkefnahópsins. Verkefnastjóri á að tryggja gæðaeftirlit, faglega framþróun, ráðgjöf og samráð um jöfnun þjónustunnar á starfssvæðinu.

### Helstu verkefni:

1. Vinnur að stefnumótun og ráðgjöf fyrir sveitarfélögin á starfssvæðinu.
2. Leggur árlega endurskoðuð gæða- og þjónustumarkmið byggðasamlagsins fyrir stjórn byggðasamlagsins.
3. Fylgist með því að skjólstæðingar fái þá þjónustu sem nauðsynleg er til að efla sjálfstæði þeirra og færni, og að þeim nýtist almenn þjónusta og ráðgjöf.

4. Hefur eftirlit með að gæða- og þjónustumarkmiðum byggðasamlagsins sé framfylgt.
5. Vinnur að gerð fjárhags- og rekstraráætlana og skýrslugerð vegna starfseminnar.
6. Gerir tillögur að skiptingu fjármuna sem til ráðstöfunar eru milli svæða.
7. Hefur eftirlit með því að fjárhagslegar skuldbindingar séu samkvæmt ákvæðum samningsins.
8. Hefur eftirlit með að stofnanir sem veita fötluðu fólki þjónustu starfi innan ramma laga og fjárveitinga á hverjum tíma.
9. Hefur eftirlit með gerð starfsáætlana fyrir starfsemi vegna fatlaðra á starfssvæði byggðasamlagsins.
10. Stuðlar að og aðstoðar við samskipti við aðstandendur.
11. Aðstoðar við samskipti við þær stofnanir sem íbúar sækja þjónustu til.
12. Metur þjónustubörf ásamt starfsmönnum á starfandi og nýjum heimiliseiningum ásamt skammtímavistun.
13. Fylgist með umsóknum um búsetu og dvöl á skammtímavistun. Hefur eftirlit með upplýsingagjöf varðandi umsóknir.
14. Gegnir formennsku í Verkefnahópi um málefni fatlaðra á Vestfjörðum.
15. Annast önnur þau verkefni sem lúta að málefnum fatlaðra og framkvæmdastjóri byggðasamlagsins felur honum.

### Ráðgjöf

Ráðgjafarþjónusta er veitt á öllum félagsþjónustusvæðunum. Stöðugildum í ráðgjöf og stjórnun var skipt samkvæmt tillögu BsVest í upphafi árs 2011 og hefur ekki breyst síðan:

|  |           |
|--|-----------|
| Félagsþjónusta við Djúp                  | 0,34 stg. |
| Ísafjarðarbær                            | 2,02 stg. |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps | 0,48 stg. |
| Félagsþjónusta Vestur-Barðastrandarsýslu | 0,16 stg. |
| Byggðasamlagið                           | 1,0 stg.* |

\*Verkefnastjóri er í 80% stg. og 20% stg. eru rekstur og bókhald.

Til umræðu hefur verið að minnka hlutfall stöðugilda í félagsþjónustu Stranda og Reykhóla og einnig við Djúp. Ástæðan fyrir því að hlutfallið var ákveðið tiltölulega hátt á svæði Stranda og Reykhóla í upphafi er sú að verið var að koma upp þessari þjónustu á svæðinu í fyrsta skipti. Þá er svæðið landfræðilega stórt. Einnig hefur verið nefndur sá möguleiki að sameina þjónustuna við Djúp við þjónustuna á Ísafirði en ekki fundist flötur á því milli viðkomandi sveitarfélaga ennþá.

## 2. Þjónusta við fatlaða á svæðinu

### Fjöldi fatlaðra einstaklinga í virkri þjónustu

Fjöldi fatlaðra einstaklinga í virkri þjónustu hjá sveitarfélögunum var eftirfarandi árið 2013:

- Ísafjarðarbær með 71 einstakling.
- Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla með 16 einstaklinga.
- Félagsþjónustan Vestur-Barðastrandasýslu með 10 einstaklinga.
- Félagsþjónustan við Djúp með 14 einstaklinga.

### Skammtí mavistun Sindragötu 4-6 Ísafirði

Skammtí mavistun þjónar öllum Vestfjörðum en reksturinn er á ábyrgð Ísafjarðarbæjar.

Húsnæðið er í eigu Ísafjarðarbæjar. Þjónustu skammtí mavistunar er ætlað að minnka álag á fjölskyldum fatlaðra barna og stuðla þannig að því að börn geti búið sem lengst í heimahúsum. Fötluð ungmenni og fullorðnir eiga einnig kost á skammtí mavistun með það að markmiði að létta álagi af fjölskyldum þeirra og veita þeim tilbreytingu og búa þau undir að flytja úr heimahúsum.

Skammtí mavistunin er nýtt af öllum félagsþjónustusvæðum en mjög misjafnlega þó. Svæðin sem lengst eru í burtu nýta sér þjónustu hennar frá vori fram á haust en svæðin næst henni nýta sér hana allt árið. Fullorðið fólk sem fær þjónustu skammtí mavistunar er einnig í Hæfingarstöðinni Hvestu á dvalartímanum. Árið 2013 fengu sex börn þjónustu skammtí mavistunarinnar en voru fjögur í mars 2015.

Í skammtí mavistuninni eru 5,8 stöðugildi auk þriggja stöðugilda í þrjá mánuði vegna sumarafleysinga. Fjórir einstaklingar geta dvalist samtímis í skammtí mavistuninni.

### Sumarúrræði

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, með síðari breytingum segir að stuðla skuli að því að fötluð börn eigi kost á sumardvöl þegar þörf krefur. Sumarúrræði hafa verið í boði og verið einstaklingsmiðuð og sérsniðin að hverjum og einum einstaklingi á hverju félagsþjónustusvæði fyrir sig.

Hjá Ísafjarðarbæ voru fjórir tímabundnir vinnusamningar og veittur stuðningur á almennu leikjanámskeiði á árinu 2013. Hjá Félagsþjónustunni við Djúp fékk þjónustunotandi sumarþjónustu í skammtí mavistun. Engin úrræði voru hjá félagsþjónustum á öðrum svæðum.

### Lengd viðvera

Lengd viðvera var í boði hjá félagsþjónustunni við Djúp og hjá Ísafjarðarbæ, boðið var upp á lengda viðveru fatlaðra grunnskólabarna í 5.-10. bekk, en lengd viðvera framhaldsskólabarna var í boði hjá Ísafjarðarbæ. Kostnaður við lengda viðveru árið 2013 var 873.030 kr. Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna var 702.107 kr. fyrir árið 2013 sem skiptist milli þessa tveggja félagsþjónustusvæða eins og gert var ráð fyrir frá Jöfnunarsjóði.

### Hæfingarstöðin Hvesta

Hvesta er staðsett á Ísafirði og ber Ísafjarðarbær ábyrgð á rekstrinum en fullorðnir einstaklingar með fötlun á Vestfjörðum eiga kost á að starfa þar. Þeir sem búa annarstaðar en á norðanverðum Vestfjörðum hafa verið í tímabundnu starfi þar á meðan á dvöl þeirra í skammtí mavistun stendur.

Húsnæði Hæfingarstöðvarinnar er í eigu einkaaðila (Urtusteinn ehf.) og tók Ísafjarðarbær við langtíma leigusamningi. Leigugjaldið verður að teljast nokkuð hátt eða sem nam 5,7 m.kr. árið 2014.

Hlutverk Hvestu er að tryggja starfsfólki með fötlun sambærilegt vinnuumhverfi á við aðra þannig að þau njóti almennra lífsgæða. Jafnframt er lögð rík áhersla á einstaklingsmiðaða þjónustu. Einnig er hlutverk hæfingarstöðvarinnar að auka hæfni fatlaðs fólks til starfs og taka þátt í daglegu lífi. Í Hvestu er starf hvers og eins miðað við getu viðkomandi og áhugasvið.

Í Hvestu voru 16 starfsmenn með fötlun við vinnu og hæfingu í upphafi árs 2015. Sex eru í 2-4 tíma á dag, þrír eru í 5-6 tíma og sjö eru í 7-8 tíma. Helmingur starfsmanna þarf mikla þjónustu. Fjórir eru í SIS flokki 11, einn í flokki 12 og þrír í flokki 12A. Forstöðumaður er Ingibjörg Sólveig Guðmundsdóttir.

### Stuðningsfjölskyldur

Fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldu eftir því sem þörf krefur til að létta álagi af fjölskyldum. Starfsmenn félagsþjónustunnar sjá um að útvega stuðningsfjölskyldu, gera samninga við hana, skipuleggja dvöl barnsins og veita upplýsingar. Stuðningsfjölskyldan hefur barnið hjá sér að jafnaði í tvo til þrjú sólarhringa í mánuði og ber ábyrgð á velferð þess meðan á dvölinni stendur. Allt er þetta gert í nánú samstarfi við foreldra.

Á árinu 2013 voru 10 börn með stuðningsfjölskyldu, frá einum til þriggja sólarhringja í mánuði. Þrjú félagsþjónustusvæði hafa veitt þessa þjónustu og skiptist hún milli þeirra.

### Vinnusamningar

Eitt af hlutverkum félagsþjónustunnar er að hafa milligöngu milli fyrirtækja og Tryggingastofnunar ríkisins um gerð örorkuvinnusamninga. Þeir gefa einstaklingi með skerta vinnufærni tækifæri til launaðrar vinnu samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði.

Atvinna með stuðningi (AMS) felur í sér viðtækan stuðning við þá sem hafa skerta vinnugetu vegna andlegrar og/eða líkamlegrar fötlunar. Stuðningur felst í aðstoð við að finna starf við hæfi á almennum vinnumarkaði og þjálfun á vinnustað ásamt eftirfylgd. Unnið er markvisst að því að fólk með fötlun sem þess óskar komist til starfa á almennum vinnumarkaði.

Árið 2013 voru alls tveir með fasta örorkuvinnusamninga og níu örorkusamningar voru í gildi. Þetta úrræði hefur verið lítið nýtt á Vestfjörðum og virðist Vinnumálastofnun einhverra hluta vegna ekki hafa lagt áherslu á þennan þátt á svæðinu. Ísafjarðarbær er með 0,17% stg. sem er ætlað atvinnu með stuðningi. Athugandi er að virkja það betur.

### Búseta – sólahringsþjónusta

Unnið er eftir stefnu stjórnvalda og byggðasamlagsins varðandi stuðning við fatlað fólk í búsetumálum. Fatlað fólk skal eiga kost á félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og húsnæðisúrræðum í samræmi við þarfir þess og óskir eftir því sem kostur er.

Unnið er eftir þeirri stefnu að búsetuþjónustan sé skipulögð og veitt á einstaklingsforsendum þar sem horft er til möguleika einstaklingsins til að hafa áhrif á eigið líf, njóta einkalífs, búa við öryggi, njóta félagslegs samneytis og njóta lífsfyllingar.

Á Vestfjörðum hefur verið boðið upp á sólahringsþjónustu á Ísafirði, einnig er þjónustuíbúð á svæði Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps. Búsetuþjónusta er veitt í Sindragötu á Ísafirði í húsnæði sem Ísafjarðarbær keypti árið 2012 af ríkinu. Auk þess er veitt þjónusta í íbúðum sem fatlaðir einstaklingarnir sjálfir eiga og leiguhúsnæði í eigu Ísafjarðarbæjar. Búsetuþjónusta er veitt í húsnæði í einkaeigu hjá Félagsþjónustu Stranda og Reykhóla.

Árið 2014 nýttu 10 einstaklingar sér búsetuþjónustu, 9 á Ísafirði og einn á Hórná. Íbúar í búsetu eru í stuðningsflokkum SIS mats frá 5 til 12 A og samkvæmt þeim stöðlum er það fólk sem hefur mikla stuðningsþörf.



Árið 2013 setti Ísafjarðarbær af stað verkefni til að vinna að umbótum á búsetuúrræðum. Þau voru tilbúin í lok árs 2013 og voru það fjórar nýjar einstaklingsíbúðir með aðgengi fyrir fatlaða.

### Frekari liðveisla

Í lögum um málefni fatlaðs fólks nr.92/1992, með síðari breytingum er kveðið á um að fatlað fólk eigi rétt á frekari liðveislu og í reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu er talað um frekari liðveislu sem sérstakan stuðning sem er margháttuð aðstoð við athafnir daglegs lífs. Þessi stuðningur tekur meðal annars mið af einstaklingsbundnum þörfum fólks með hliðsjón af óskum þess eða aðstandanda.

Frekari liðveisla er þjónusta sem er veitt hjá þremur félagsþjónustusvæðum af fjórum.

### Vesturafl

Vesturafl er sjálfseignarstofnun sem þjónar því hlutverki að vera miðstöð fyrir fólk sem vegna veikinda og/eða annarra tímabundinna aðstæðna býr við skert lífsgæði og getur því ekki tekið virkan þátt í samfélaginu, vinnu eða inni á heimili. Til þessa geta talist geðsjúkdómar, krabbamein, hjartasjúkdómar, stoðkerfissjúkdómar og ýmislegt fleira. Í miðstöðinni er boðið upp á fjölbreytta þjónustu við hæfi hvers og eins. Þjónustan byggist upp á valdeflingu notandans. Hjá Vesturafl er iðjuþjálfari í fullu starfi og annar starfsmaður í 0,7 stg., samtals 1,7 stg.

Rekstraraðilar Vesturafls eru BsVest, Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður, Súðavíkurhreppur og Rauði krossinn. BsVest hefur stutt við Vesturafl frá upphafi og er fjárveitingin 5,8 m.kr. á árinu 2015. Verkefnisstjóri BsVest er stjórnarformaður Vesturafls og tengir þannig starfsemi byggðasamlagsins. Þetta úrræði hefur reynst mjög vel. Samstarf er við VIRK sem þjónustar þá einstaklinga sem falla undir skilyrði og reglur þeirra um þjónustu. Enginn notanda er með SIS mat og hefur verið rætt um það hvort eðlilegra sé að þessi starfsemi sé studd beint af ríkinu. Skýrsluhöfundur veit til þess að það er gert með milligöngu Vinnumálastofnunar undir formerkjum starfsendurhæfingar. Nefna má að Vinnumálastofnun hefur gert þjónustusamninga við Geysi og Hlutverkasetur í Reykjavík, Strók á Selfossi og Grófina á Akureyri en allir þessir staðir þjónusta einkum fólk með geðröskun.

### 3. Fjármál - yfirlit

#### Skipting fjármagns

Niðurstaða verkefnahóps BsVest í upphafi árs 2011 var að skipting fjárveitingar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga yrði með eftirfarandi hætti:

|  |        |
|--|--------|
| Félagsþjónustan á Ísafirði               | 83,51% |
| Félagsþjónustan við Djúp                 | 2,05%  |
| Félagsþjónusta Vestur-Barðastrandarsýslu | 0,44%  |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps | 7,15%  |
| BsVest                                   | 6,86%  |

Hlutfallinu sem situr eftir hjá BsVest er ætlað til að reka Byggðasamlagið svo og til að geta brugðist við neyðarþjónustu. Hluti af fjármagninu til rekstursins kemur beint til sveitarfélaganna sem hluti af útsvari. Ákveðið var að sveitarfélögin greiddu þann hluta til BsVest ársfjórðungslega og BsVest notaði sömu skiptiprósentu og greint er frá hér að ofan, til að deila þeim fjármunum út aftur ársfjórðungslega. Þetta skiptihlutfall hefur lítið breyst frá árinu 2011, helst að hlutfall Stranda og Reykhólahrepps hafi hækkað aðeins.

**Tafla 1: Framlög til málefna fatlaðra á Vestfjörðum 2011 – 2014**

| í þús.kr.             | 2011           | 2012           | 2013           | 2014           |
|-----------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| <b>Jöfnunarsjóður</b> | <b>194.691</b> | <b>253.151</b> | <b>262.279</b> | <b>260.805</b> |
| Almennt framlag       | 187.455        | 252.258        | 261.577        | 224.589        |
| Viðbótarframlag       |                |                |                | 35.474         |
| Breytingakostn        | 6.099          |                |                |                |
| Lengd viðvera         | 1.137          | 893            | 702            | 742            |
| <b>Útsvar</b>         | <b>43.774</b>  | <b>50.005</b>  | <b>57.840</b>  | <b>56.416</b>  |
| Ísafjarðarbær         | 24.660         | 27.720         | 30.996         | 31.021         |
| Bolungarvíkurk.       | 5.775          | 6.665          | 7.990          | 8.337          |
| Súðavíkurhr.          | 1.099          | 1.240          | 1.387          | 1.279          |
| Strandabyggð          | 2.807          | 3.191          | 4.160          | 3.640          |
| Kaldranarneshr.       | 659            | 636            | 718            | 759            |
| Árneshr.              | 273            | 360            | 465            | 333            |
| Reykhólahr.           | 1.419          | 1.408          | 1.630          | 1.539          |
| Vesturbyggð           | 5.499          | 6.746          | 7.979          | 7.424          |
| Tálknafjarðarhr.      | 1.583          | 2.039          | 2.515          | 2.084          |
| <b>Samtals</b>        | <b>238.465</b> | <b>303.156</b> | <b>320.119</b> | <b>317.221</b> |

Heimild: Ársreikningar BsVest og heimasíða Jöfnunarsjóðs sveitarfél.

Hingað til hefur sá háttur verið hafður á við gerð áætlana um framlög til málefna fatlaðra að félagsþjónustuvæðin hafa gert áætlanir um þjónustubörf á sínum svæðum sem verkefnisstjórnin hefur yfirfarið með verkefnisstjórninni og síðan lagt fram tillögu í stjórn BsVest til afgreiðslu. Endanleg fjárveiting hefur síðan iðulega orðið nokkru lægri eftir afgreiðslu Jöfnunarsjóðsins. Athugandi er að hafa fyrirkomulagið á hinn veginn þ.e. áætlun og fjárveiting Jöfnunarsjóðs liggja fyrst fyrir sem BsVest útfæri svo nánar.

Í samtölum við verkefnisstjóra BsVest og sviðsstjóra fjölskyldusviðs Ísafjarðarbæjar hefur komið fram óánægja með vinnulag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga varðandi framlagningu áætlana um fjárveitingar

hvers árs. Telur verkefnisstjórinn að þær komi of seint fram. Þannig hafi fyrsta áætlun frá sjóðnum vegna ársins 2013 komið fram í maí sama ár (230 m.kr.) sem síðan hafi fengist hækkuð í nóvember (259 m.kr.). Árið 2014 hafi BsVest fengið áætlunina fyrir árið í apríl (274 m.kr.) og síðan fengið tilkynningu í árslok um að áætlunin hefði verið lækkuð í 224 m.kr. Það var staðfest á símafundi 5. janúar 2015 þar sem jafnframt var ítrekað að lækkunin væri afturvirk. BsVest var því komið í skuld við sjóðinn og fékk ekki greidda desembergreiðsluna (23 m.kr.) og var jafnframt gert að endurgreiða 29 m.kr. Samtals var því um að ræða 52 m.kr. lækkun á fjárveitingu ársins 2014 sem rökstudd var með lækkun útgjalda vegna þjónustu við þrjá einstaklinga. Í bréfi verkefnisstjórans til Jöfnunarsjóðs dags. 20. janúar 2015 segir:

„Ofangreind lækkun fær ekki staðist á grundvelli þess að ekki er talið mögulegt að veita þjónustu við hæfi fyrir framlög þau sem Jöfnunarsjóður ætlar viðkomandi einstaklingum.“

Máli sínu til stuðnings vísar verkefnisstjórinn í bréfinu til kostnaðartalna úr bókhaldi Ísafjarðarbæjar um rekstur búsetuúrræða fyrir fatlaða og tekur fram að ítrustu hagræðingar hafi verið gætt í rekstrinum á undanförunum árum m.a. með sameiningu í búsetu og endurskipulagningu á næturvöktum.

Í samtölum við verkefnisstjóran kom fram að mjög erfitt sé að mæta slíkum niðurskurði. Ekki sé hægt að taka þá þjónustu til baka sem búið er að veita. Þá sé BsVest ekki sammála Jöfnunarsjóðnum varðandi forsendur á kostnaðargreiningunni. Sjóðurinn hafi lækkað fjárveitinguna vegna þriggja einstaklinga sem eru mjög fatlaðir. Tveir þeirra séu orðnir 18 ára og þar sem þeir séu nú komnir með SIS mat lækkar framlagið vegna þeirra verulega. Verkefnisstjórinn segir að kostnaður vegna SIS flokkanna hafi ekki verið verðbættur í nokkur ár og þar að auki sé ekki hægt að draga úr þjónustunni við þessa einstaklinga.

Í samtölum við verkefnisstjóra BsVest og sviðsstjóra fjölskyldusviðs Ísafjarðarbæjar komu fram miklar áhyggjur vegna starfseminnar á árinu 2015. Verkefnisstjórinn segist upphaflega haft gert áætlun um að fjárþörfin í málaflokki fatlaðra á Vestfjörðum væri 403 m.kr. árið 2015 út frá upplýsingum frá hverju félagsþjónustusvæði. Eftir yfirferð í stjórn BsVest var niðurstaðan sú að samlagið var tilbúið til að vinna út frá 344 m.kr. heildarfjárveitingu (289,8 m.kr. frá Jöfnunarsjóðnum skv. fyrstu áætlun + 54,2 m.kr. útsvar). Nú liggja hins vegar fyrir endurskoðuð áætlun frá Jöfnunarsjóðnum þar sem gert er ráð fyrir að fjárveitingin verði 230,2 m.kr. Með áætlðu útsvari verður heildarfjárveitingin þar með 283,8 m.kr. eða sem nemur tæplega 60 m.kr. lækkun frá því sem BsVest taldi vera lágmark til að halda þjónustunni í sæmilega viðunandi horfi. Heildar mismunurinn sé þar með kominn í rúmlega 110-120 m.kr. vegna árána 2014 og 2015. BsVest telur illgerlegt að ná slíkum sparnaði fram í þjónustu við fatlaða.

#### **Til athugunar:**

Með vísan í framansagt er ljóst að mikið ber á milli Jöfnunarsjóðs og BsVest hvað varðar áætlun um fjárþörf í málaflokknum. Ljóst er að fara þarf vel yfir þjónustupörf fatlaðra einstaklinga og þær kostnaðargreiningar sem liggja til grundvallar fjárveitingum. Á þessu virðist ekki vera sama túlkun milli aðila. Sjá nánar dæmi í kafla 6. Þá hefur verið bent á að málaflokknum hafi verið skilað með 16 m.kr. hagnaði við yfirfærsluna 2011 sem hafi minnkað grunnframlagið þó svo þjónustupörfin hafi ekki gefið tilefni til þess á þeim tíma. Eins hafi launakostnaður hækkað verulega á árinu 2014 og hækki enn meira á árinu 2015 m.a. vegna starfsmats sem gert hefur verið með vísan til loforðs frá árinu 2011 um leiðréttingu á launum.

**Tafla 2: Framlög til félagsþjónustusvæða á Vestfjörðum 2011 - 2014**

| Í þús.kr.                       | 2011           | 2012           | 2013           | 2014           |
|---------------------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| <b>Samtals</b>                  | <b>226.502</b> | <b>281.012</b> | <b>316.344</b> | <b>329.714</b> |
| Ísafjarðarbær                   | 193.097        | 245.117        | 286.931        | 292.812        |
| Ísafjarðarbær, sérst. verkefni  | 9.831          | 893            | 1.042          | 371            |
| Félagsþj. við Djúp              | 5.104          | 3.613          | 5.292          | 6.060          |
| Félagsþj. við Djúp, sérst.verk. | 0              | 0              | 345            | 0              |
| Félagsþj. Stranda og Reykhóla   | 17.187         | 17.749         | 21.168         | 23.139         |
| Félagsþj. V - Barðastrandars.   | 1.283          | 1.040          | 1.566          | 7.332          |
| Ísafjarðarbær v/2011            | 0              | 11.983         | 0              | 0              |
| Strandir og Reykh. v/2011       | 0              | 617            | 0              | 0              |
| Heimild: Ársreikningar BsVest   |                |                |                |                |

Í töflu 2 má sjá að framlög BsVest til félagsþjónustusvæðanna námu 329,7 m.kr. árið 2014 en framlag Jöfnunarsjóðs og áætlað útsvar nam 317,2 m.kr. eða um 12,5 m.kr. lægri upphæð sbr. töflu 1. Þjónustusvæðin þurfa því að endurgreiða þessa upphæð til BsVest.

**Tafla 3: Rekstur Byggðasamlags Vestfjarða 2011 - 2014**

| Í þús.kr.                     | 2011           | 2012           | 2013           | 2014           |
|-------------------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| <b>Tekjur</b>                 |                |                |                |                |
| Framlög                       | 238.466        | 303.155        | 320.119        | 317.221        |
| Aðrar tekjur                  | 26             | 0              | 15             | 151            |
|                               | <b>238.492</b> | <b>303.155</b> | <b>320.134</b> | <b>317.372</b> |
| <b>Gjöld</b>                  |                |                |                |                |
| Framlög til félagsþj.svæða    | 226.502        | 281.012        | 316.344        | 317.379        |
| Launakostnaður                | 6.254          | 6.161          | 5.361          | 5.553          |
| Annar skrifstofukostn         | 2.104          | 5.915          | 3.576          | 4.027          |
|                               | <b>234.860</b> | <b>293.088</b> | <b>325.281</b> | <b>326.959</b> |
| Rekstur fyrir fjárm.          | 3.632          | 10.067         | -5.147         | -9.587         |
| Fjármunatekjur/gjöld          | 2              | 178            | 450            | 287            |
| <b>Rekstrarniðurstaða</b>     | <b>3.634</b>   | <b>10.245</b>  | <b>-4.697</b>  | <b>-9.300</b>  |
| Heimild: Ársreikningar BsVest |                |                |                |                |

Skrifstofukostnaður BsVest hefur numið um 8-12 m.kr. á ári hverju eins og sjá má í töflu 3. Í rekstrarætlun fyrir árið 2015 er gert ráð fyrir að kostnaðurinn verði um 11 m.kr. Verkefnisstjórnin er í 80% starfshlutfalli en vinnur yfirleitt meira.

## Ísafjörður

Tafla 4: Útgjöld til málefna fatlaðra eftir viðfangsefnum 2011 – 2014

## Úr bókhaldi Ísafjarðarbæjar

|                                  | 2011               | 2012               | 2013               | 2014               |
|----------------------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| 02510 Sameiginlegt (án innri mf) | 29.979.486         | 22.532.896         | 23.423.202         | 22.820.799         |
| 02550 Frekari liðveisla          | 20.518.292         | 17.666.826         | 23.424.965         | 24.205.358         |
| 02560 Búseta aflögð              | 94.472.172         | 0                  | 0                  | 0                  |
| 02561 Búseta Fjarðarstræti       | 0                  | 40.572.190         | 42.901.867         | 49.128.084         |
| 02562 Búseta Sindragötu A        | 0                  | 50.592.218         | 59.238.390         | 71.729.221         |
| 02563 Búseta Pollgata            | 0                  | 20.546.005         | 31.285.745         | 54.300.217         |
| 02570 Skammtíamavistun           | 43.014.490         | 47.853.041         | 48.098.282         | 27.611.940         |
| 02580 Hvesta                     | 30.796.202         | 30.540.876         | 31.300.822         | 35.335.332         |
|                                  | <b>218.780.642</b> | <b>230.304.052</b> | <b>259.673.273</b> | <b>285.130.951</b> |

Eins og sjá má í töflu 4 hafa útgjöld aukist jafnt og þétt frá árinu 2011. Fjöldi íbúa í búsetu var átta á árunum 2011 og 2012 þar til í desember 2013 er þeim fjölgaði í níu. Í lok árs 2013 fluttust tveir mjög fatlaðir einstaklingar sem verið höfðu í skammtíamavistun yfir á Pollgötuna annars vegar og hins vegar á Sindragötuna en þeir náðu báðir 18 ára aldri á árinu. Á móti kom að það fækkaði um einn íbúa í Fjarðarstræti milli árana 2013 og 2014 en hann fluttist á hjúkrunarheimili í Reykjavík. Tilfærslur hafa verið nokkrar milli búsetuúrræðanna milli ára sem gerir samanburð milli eininga erfiðari. Þannig fóru tveir af Sindragötunni yfir á Pollgötu (ný búseta) í september 2013 og einn af Austurvegi á Pollgötuna (hér bókfærður á Pollgötuna frá upphafi). Fækkaði því um einn á Sindragötunni en þeim sem kom í staðinn fyrir þá tvo sem fóru fylgdi hins vegar meiri kostnaður. Sjá nánari skýringar í umfjöllun um hvert búsetuúrræði í kafla 4.

Að mati verkefnisstjóra BsVest og sviðsstjóra fjölskyldusviðs Ísafjarðarbæjar telja þau búsetuúrræði fyrir fatlaða hlutfallslega dýrari á Vestfjörðum en á mörgum öðrum svæðum þar sem erfiðara er að ná fram hagkvæmi í fámenni en í fjölmenni. Íbúar í búsetuúrræðum eru flestir mjög fatlaðir og þarfnast mikillar þjónustu. Oft hefur þurft að klæðskerasauma úrræði fyrir þá. Þá hækkaði stafsmat launakostnað að meðaltali um 11,54% frá 1. maí 2014 sem mun koma enn frekar fram á árinu 2015. Þetta starfsmat var gert með vísan í samkomulag ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gert var við yfirfærslu málaflokksins árið 2011.

Að mati sviðsstjóra fjölskyldusviðs Ísafjarðarbæjar ætti kostnaður í raun að vera nokkru hærri en árið 2013 tók bærinn á sig kostnað sem hefði átt að falla á málefni fatlaðra en fjárveiting í þeim málaflokki var ekki næg. Þannig voru afleysingarlaun forstöðuþroskaþjálfra, forstöðumanna í Fjarðarstræti, Sindragötu og skammtíamavistun bókuð á annan lið en málefni fatlaðra. Samtals voru þetta 5,3 m.kr. Jöfnunarsjóðurinn samþykkti þennan kostnað við uppgjör ársins 2013 en færslurnar voru aldrei leiðréttar í bókhaldi Ísafjarðarbæjar. Niðurskurður í þjónustunni var verulegur þar sem ekki var ráðið í heilt stg. ráðgjafarproskajálfa, sem var til staðar 2012, og hálf stg. þroskaþjálfra. Þá lá fyrir brýn þörf til að ráða í 1,43 stg. næturvaktar að sögn sviðsstjórans.

Önnur ástæða fyrir hækkun rekstrarkostnaðar í búsetuúrræðunum (sambýlunum) er hækkun útgjalda vegna yfirvinnu, vaktaálags og annarra launa (sjá nánar í töflum 9-11). Hækkaði m.a. úr 15,9 m.kr. árið 2013 í 19,3 m.kr. árið 2014 í Fjarðarstræti og var þá orðið 47,5% af heildarlaunum. Hækkaði úr 17,5 m.kr. árið 2012 í 22,9 m.kr. árið 2013 og í 30,6 m.kr. árið 2014 í Sindragötu og var þá komið í 53,8% af heildarlaunum. Hluti af skýringu fyrir þessari hækkun eru mikil veikindaföröll starfsmanna

og þá þarf að manna aukavaktir sem eru dýrar. Í töflu 5 má sjá að veikindadögum starfsmanna í búsetu fjölgaði úr 284 árið 2012 í 817,5 árið 2014. Það er gríðarleg aukning sem kemur reyndar mest til af því að einn starfsmaður lenti í langtímaveikindum frá sept 2012 fram á haust 2013 og tveir í langtímaveikindum árið 2014. Munar miklu um það en eigi að síður hefur verið töluvert um veikindi meðal annarra starfsmanna. Samantekið eru þetta um 1.704 dagar árin 2012-2014 sem jafngildir um 4,8 ársverkum samtals þar af um 2,3 ársverk árið 2014. Munar um minna í rekstri af þessari stærðargráðu.

**Tafla 5: Veikindadagar í búsetu, skammtímavistun og hæfingu á Ísafirði 2012-2014**

| Lykill |                      | 2012         | 2013         | 2014         | Samtals      |
|--------|----------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| 2561   | Fjarðarstræti        | 65           | 52,5         | 605          | 722,5        |
| 2662   | Sindragata           | 212          | 519          | 118          | 849          |
| 2563   | Pollgata *           | 7            | 31           | 94,5         | 132,5        |
|        | <b>Samtals</b>       | <b>284</b>   | <b>602,5</b> | <b>817,5</b> | <b>1.704</b> |
| 2570   | Skammtímavistun      | 75           | 133          | 116          | 324          |
| 2580   | Hvesta - hæfing/iðja | 36,5         | 23           | 50           | 110          |
|        | <b>Samtals</b>       | <b>395,5</b> | <b>758,5</b> | <b>983,5</b> | <b>2.138</b> |

\* kom ekki í fulla starfsemi fyrr en í sept 2013

## Djúp

Tafla 6: Þróun heildargjalda til málefna fatlaðra eftir viðfangsefnum 2011 – 2014

Úr bókhaldi Bolungarvíkurkaupsstaðar

|  | 2011             | 2012             | 2013             | 2014             |
|--|------------------|------------------|------------------|------------------|
| 0295 Frekari liðveisla                 | 1.073.278        | 1.095.300        | 1.006.328        | 1.512.860        |
| 0291 Önnur þj., félagsmálastjr. BsVest | 2.584.758        | 1.412.950        | 1.707.177        | 1.772.440        |
| 0296 Stuðningsfjölsk                   | 649.200          | 707.800          | 693.750          | 585.391          |
|  | <b>4.307.236</b> | <b>3.216.050</b> | <b>3.407.255</b> | <b>3.870.691</b> |

Eins og sjá má í töflu 6 hafa útgjöld lítið hækkað milli ára. Í Bolungarvík er m.a. einn drengur mikið fatlaður sem er í skammtí mavistun aðra hverja viku á Ísafirði. Hann er jafnframt með stuðningsfjölskyldu í Bolungarvík. Tveir fatlaðir nýta sér tækifæri til vinnu og hæfingar í Hvestu. Lítil þörf hefur verið á þjónustu fyrir fatlaðra í Súðavík.

## Strandir og Reykhólahreppur

Tafla 7: Þróun heildargjalda til málefna fatlaðra eftir viðfangsefnum 2011 – 2014

Úr bókhaldi félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps

|   | 2011             | 2012              | 2013              | 2014              |
|---|------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| 0252 Frekari liðveisla                  | 65.472           | 70.339            | 11.746.106        | 9.993.851         |
| 0255 Liðveisla fatlaðra                 | 6.107.473        | 11.372.145        | 10.679.509        | 1.743.254         |
| 0256 Búseta                             | 500              | 2.320.000         | 4.641.210         | 5.452.598         |
| 02591 Önnur þj., félagsmálastjr. BsVest | 1.563.416        | 5.119.616         | 5.841.851         | 5.734.756         |
| 02592 Stuðningsfjölsk                   |                  | 994.400           | 1.997.400         | 2.572.800         |
|   | <b>7.736.861</b> | <b>19.876.500</b> | <b>34.906.076</b> | <b>25.497.259</b> |

Upplýsingarnar í töflu 7 eru eins og þær koma fram í bókhaldi Félagsþjónstu Stranda og Reykhólahrepps. Samkvæmt upplýsingum verkefnisstjóra eru þær ekki réttar og til að mynda hafa verið bókfærð útgjöld á liðveislur fatlaðra sem hefðu átt að bókfærast á frekari liðveislur. Þetta hefur hins vegar ekki verið leiðrétt ennþá og vill verkefnisstjórinn kenna þar um reynsluleysi starfsmanna en félagsþjónustan á Hólmavík var sett á laggirnar árið 2011.

Á Hólmavík eru tveir einstaklingar með fötlunir sem þarfnast mikillar þjónustu. Annar er í umsjón bróður síns á heimili þeirra. Hann fær greitt eitt stöðugildi fyrir umönnunina. Þau útgjöld falla undir frekari liðveislur. Hinn einstaklingurinn fékk búsetuúrræði á Hólmavík í desember 2014. Í áætlun fyrir árið 2015 gerði félagsþjónustan á staðnum ráð fyrir að búsetuúrræði myndi kosta um 33 m.kr. Í tillögu BsVest er gert ráð fyrir 25 m.kr. í búsetuúrræði og hefur Jöfnunarsjóðurinn samþykkt 20 m.kr. Hins vegar vekur athygli að í áætlun BsVest fyrir árið 2015 er ekki gert ráð fyrir neinni upphæð í frekari liðveislur þó svo engin breyting hafi orðið á höfum konunnar sem er í umsjá bróður síns.

## Vestur-Barðastrandarsýsla

Tafla 8: Þróun heildargjalda til málefna fatlaðra eftir viðfangsefnum 2011 – 2014

Úr bókhaldi Vesturbyggðar

|   | 2011           | 2012           | 2013             | 2014             |
|---|----------------|----------------|------------------|------------------|
| 02050 Sammtímavistun                    | 0              | 0              | 0                | 3.603.000        |
| 02050 Önnur þj., félagsmálastjr. BsVest | 0              | 538.430        | 1.072.024        | 1.125.624        |
| 02050 Önnur þjónusta við fatlaða        | 206.858        | 111.389        | 86.472           | 103.642          |
|   | <b>206.858</b> | <b>649.819</b> | <b>1.158.496</b> | <b>4.832.266</b> |

Lítill þjónusta er við fatlaða á svæðinu. Einn fatlaður einstaklingur er nýfluttur (des. 2014) á svæðið og annar sem bíður eftir búsetu á Vesturlandi eða á Ísafirði. Málið hefur frestast og er verið að skoða þá möguleika en ekkert búsetuform er til á þjónustusvæðinu. Báðir einstaklingarnir fá nú frekari liðveislu og annar hefur farið í skammtímavistun á Ísafirði. Ekki liggur fyrir greining á þjónustupörf þess einstaklings sem nýfluttur er á svæðið en hann er 16 ára. Ljóst að útgjöld til málaflokksins munu aukast töluvert á næstu árum.



## 4. Búsetuþjónusta, hæfingarstöðvar og skammtímavistun

### Fjarðarstræti, Ísafirði

Úr bókhaldi Ísafjarðarbæjar

| Tafla 9:    |                        | 2012              | 2013              | 2014              |
|-------------|------------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| 02-561-0891 | Endurgreiðslur annarra | 0                 | -77.257           | 0                 |
| 02-561-0991 | Aðrar tekjur           | 0                 | -62.100           | 0                 |
| 02-561-1111 | Laun                   | 17.898.924        | 17.650.625        | 19.423.348        |
| 02-561-1121 | Yfirvinnulaun          | 5.575.861         | 6.776.398         | 9.296.289         |
| 02-561-1122 | Vaktaálag              | 0                 | 0                 | 7.105.919         |
| 02-561-1131 | Önnur laun             | 8.595.123         | 9.165.057         | 2.944.626         |
| 02-561-1711 | Fæðispeningar          | 0                 | 9.585             | 12.711            |
| 02-561-1713 | Fatapeningar           | 224.602           | 233.227           | 213.518           |
|             | Launatengd gjöld       | 7.796.136         | 8.539.929         | 9.242.870         |
|             | Annar kostnaður        | 481.544           | 666.403           | 888.803           |
|             | <b>Samtals</b>         | <b>40.572.190</b> | <b>42.901.867</b> | <b>49.128.084</b> |

Um er að ræða tvær íbúðir sem eru í eigu beggja íbúanna. Veitt er sólarhringsþjónusta og er einn starfsmaður á næturvakt. Stöðugildi eru 5,57. Báðir íbúanna sækja vinnu/hæfingu í Hvestu.

Báðir íbúar hafa farið í SIS-mat. Samkvæmt eldra SIS-mati er þjónustuþörf íbúanna í flokkum 10-12 A, meðaltal 11 og skiptist svo:

| Flokkur     | Fjöldi   |
|-------------|----------|
| <b>10</b>   | <b>1</b> |
| <b>12 A</b> | <b>1</b> |

Við yfirfærsluna árið 2011 voru þrjú íbúar í Fjarðarstræti í tveimur íbúðum sem eru í eigu tveggja fatlaðra einstaklinga. Sá þriðji leigði herbergi hjá öðrum þeirra. Á árinu 2013 fluttist leigjandinn á hjúkrunarheimili í Reykjavík og hafa íbúarnir í Fjarðarstræti verið tveir eftir það. Kostnaður við þjónustuna lækkaði hins vegar lítið við þessa breytingu en hins vegar hækkaði kostnaður á íbúa eðlilega við það að fækkaði um einn.

Á árinu 2014 þurfti að leysa tvo starfsmenn af sem lentu í langtímaveikindum (sjá töflu 5) sem hafði í för með sér veruleg viðbótarútgjöld.

Í bókhaldi Ísafjarðarbæjar var vaktaálag fært undir önnur laun á árunum 2012 og 2013.

Forstöðumaður er Margrét Lilja Vilmundardóttir, guðfræðingur að mennt.

## Pollgata, Ísafirði

## Úr bókhaldi Ísafjarðarbæjar

| Tafla 10:   |                                      | 2012              | 2013              | 2014              |
|-------------|--------------------------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| 02-563-1111 | Laun                                 | 8.560.099         | 12.475.004        | 20.610.942        |
| 02-563-1121 | Yfirvinnulaun                        | 2.115.922         | 5.098.584         | 11.323.464        |
| 02-563-1122 | Vaktaálag                            | 0                 | 0                 | 7.667.202         |
| 02-563-1131 | Önnur laun                           | 4.711.918         | 6.542.767         | 3.169.495         |
| 02-563-1713 | Fatapeningar                         | 123.022           | 172.958           | 286.910           |
|             | Launatengd gjöld                     | 3.651.694         | 5.699.885         | 10.235.971        |
|             | Annar kostnaður*                     | 1.383.350         | 1.296.547         | 1.006.233         |
|             | <b>Samtals</b>                       | <b>20.546.005</b> | <b>31.285.745</b> | <b>54.300.217</b> |
|             | * þar af mf þjónusta rekstrareininga | 1.131.826         | 777.928           | 0                 |

Um er að ræða fjórar einstaklingsíbúðir í fjölbýlishúsi. Íbúarnir fjórir eiga íbúðirnar. Veitt er sólarhringsþjónusta og dugir einn starfsmaður á næturvakt fyrir alla. Stöðugildi eru 7,7. Allir utan einn sækja vinnu/hæfingu í Hvestu. Þessi eini er í aðlögun og mun byrja í Hvestu í maí 2015. Allir íbúarnir hafa farið í gegnum SIS-mat. Samkvæmt eldra SIS-mati fellur þjónustupörf íbúa í flokka 6-11, að meðaltali 9,25, og skiptist þannig:

| Flokkur   | Fjöldi |
|-----------|--------|
| <b>6</b>  | 1      |
| <b>9</b>  | 1      |
| <b>11</b> | 2      |

Búsetuúrræðið í Pollgötu var tekið í notkun í september 2013. Þá fluttist þangað einstaklingur sem verið hafði í íbúð við Austurveg og tveir fluttust af Sindragötunni. Í desember bættist í hópinn einstaklingur með mikla þjónustupörf en hann hafði verið í skammtímavistun áður. Í upphafi árs 2014 voru íbúar á Pollgötunni þar með fjórir.

Í bókhaldi Ísafjarðarbæjar er rekstur búsetuúrræðisins á Austuvegi árið 2012 fram til september 2013 færður undir Pollgötuna. Við samanburð milli ára þarf að gæta að því að einn íbúi var árið 2012 fram til september 2013. Þrír íbúar frá sept fram í desember 2013 að þeir verða fjórir. Pollgatan kom því ekki í fullan rekstur fyrr en árið 2014. Mikil hækkun á yfirvinnu og vaktaálagi árið 2014 skýrist af því að um fleiri íbúa er að ræða en árin áður.

Í bókhaldi Ísafjarðarbæjar var vaktaálag fært undir önnur laun á árunum 2012 og 2013.

Forstöðumaður er Margrét Lilja Vilmundardóttir, guðfræðingur að mennt.

## Sindragata, Ísafirði

## Úr bókhaldi Ísafjarðarbæjar

| Tafla 11:   |                                  | 2012              | 2013              | 2014              |
|-------------|----------------------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| 02-562-0341 | Húsaleigutekjur                  | -1.155.448        | -956.592          | -637.728          |
| 02-562-1111 | Laun                             | 21.428.444        | 23.247.519        | 26.296.527        |
| 02-562-1121 | Yfirvinnulaun                    | 7.235.383         | 12.348.013        | 18.260.374        |
| 02-562-1122 | Vaktaálag                        | 0                 |                   | 8.015.471         |
| 02-562-1131 | Önnur laun                       | 10.218.519        | 10.551.847        | 4.290.951         |
| 02-562-1713 | Fatapeningar                     | 285.184           | 307.958           | 375.234           |
|             | Launatengd gjöld                 | 9.294.157         | 11.001.176        | 13.327.787        |
|             | Annar kostnaður*                 | 3.285.979         | 2.738.469         | 1.800.605         |
|             | <b>Samtals</b>                   | <b>50.592.218</b> | <b>59.238.390</b> | <b>71.729.221</b> |
|             | * þar af mf húsal til eignasjóðs | 2.463.000         | 2.036.856         | 1.164.384         |

Um er að ræða íbúðasambýli fyrir þrjá íbúa. Ein íbúðin er í eigu íbúans en hinir tveir eru saman í íbúð í eigu Ísafjarðarbæjar. Veitt er sólarhringsþjónusta og þarf tvo starfsmenn á næturvakt. Stöðugildi eru 10,56. Um mjög fatlaða einstaklinga er að ræða og hefur einn verið mjög veikur í langan tíma. Ætlunin er að skipta íbúðunum upp í tvær aðskildar rekstrareiningar árið 2015 til að geta betur fylgst með kostnaði. Tveir íbúanna sækja vinnu/hæfingu í Hvestu en sá þriðji er í aðlögun og mun byrja í maí 2015 í Hvestu.

Allir íbúar hafa farið í SIS-mat. Samkvæmt eldra SIS-mati fellur þjónustuþörf íbúa í flokka 11-12 A, að meðaltali 11,67, og skiptist svo:

| Flokkur | Fjöldi |
|---------|--------|
| 9       | 1      |
| 12      | 1      |
| 12 A    | 1      |

Við yfirfærsluna árið 2011 voru fjórir íbúar í Sindragötunni í tveimur íbúðum. Tveir þeirra fluttu á Pollgötuna í september 2013 en í lok þess árs kom í staðinn fatlaður einstaklingur með mikla þjónustuþörf sem áður hafði verið í skammtí mavistun. Mikil hækkun á yfirvinnu og vaktaálagi árið 2014 skýrist af því að auka þurfti næturvörslu verulega eftir að áður nefndur fatlaður einstaklingur sem verið hafði í skammtí mavistun bættist í hópinn. Þá ber að nefna að einn starfsmaður var langtíma veikur svo til allt árið 2013 (sjá töflu 5) sem hafði í för með sér veruleg viðbótarútgjöld.

Í bókhaldi Ísafjarðarbæjar var vaktaálag fært undir önnur laun á árunum 2012 og 2013.

Forstöðumaður Aðalheiður Rúnarsdóttir, með grunnskólapróf.

## Hólmavík

Einn einstaklingur er í búsetuþjónustu sem er veitt í húsnæði í einkaeigu. Viðkomandi flutti í búsetuna í desember 2014 og gert er ráð fyrir að kostnaður verði um og yfir 30 m.kr. á árinu 2015.

| Flokkur | Fjöldi |
|---------|--------|
| 12 A    | 1      |

Rétt til að gefa innsýn í aðstæður þessa einstaklings og hvernig þjónustan er skipulögð er hér gripið niður í lýsingu Maríu Játvarðardóttur, félagsmálastjóra Strandabyggðar:

„X er fædd árið 1983 og hefur búið alla ævi hjá foreldrum í sveit á Ströndum. Hún hefur farið í skammtímavistun á Ísafjörð í maí og september því foreldrar eru sauðfjárændur og þá er álagstími í sveitinni. Undanfarin ár hefur hún haft tvo starfsmenn í fullu starfi og það hafa verið móðir hennar og systir sem býr á Hólmavík. Fyrirkomulag var þannig að fimm daga vikunnar var hún heima í sveitinni en tvo sólarhringa í viku var hún hjá systur sinni á Hólmavík.

Þegar undirrituð kom til starfa á Hólmavík í september 2013 sögðu foreldrar mjög ákveðið að þau vildu að hún kæmist í búsetu á Hólmavík, þau væru orðin þreytt, komin undir sjötugt og gætu ekki mikið meira. Þau ítrekuðu að þau vildu að hún væri í heimahéraði svo þau gætu haldið áfram að fylgjast með henni. Endurmat á SIS mati einstaklingsins hjá Jöfnunarsjóði fór fram árið 2014 og hækkaði framlag vegna hennar í rúmar 20 m.kr. á árinu 2014-2015, en til að dekkja sólarhringsumönnun allt árið þarf 33 m.kr.

Fyrirkomulagið er þannig að áfram vinna systir hennar og móðir hjá henni og einnig einn starfsmaður til viðbótar, alls þrjú starfsmenn. Fjóra daga í viku er X á Hólmavík og þrjú daga í viku er hún heima hjá foreldrum sínum. Starfsmennirnir sem sinna henni á Hólmavík eru hjá henni heila sólarhringa í einu. Fyrirhugað er að bæta við starfsmanni í sumar. X mun fara í skammtímavistun til Ísafjarðar í 3 vikur í maí. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort hún fari í skammtímavistunina í september.

Eins og sjá má, ræð ég fyrst bara einn starfsmann til viðbótar, fer rólega í málið. Held þannig niðri kostnaði þessa árs. Veit ekki enn hve mikill hann verður en er með vilyrði Strandabyggðar. Fjölskyldan þarf líka aðlögun. Móðir X er enn með hana 3 sólarhringa í viku. Síðan stefni ég að því að bæta við starfsmanni í sumar og hafa meðan starfsmenn eru í orlofi og minnka síðan enn meir vinnu móðurinnar. Hafa hæga aðlögun að öllu. En á árinu 2016 þurfum við örugglega að nota allar 33 milljónirnar.“

## Sindragata 4-6, Ísafirði - skammtíavistun

Úr bókhaldi Ísafjarðarbæjar

| Tafla 12:   |                                  | 2011              | 2012              | 2013              | 2014              |
|-------------|----------------------------------|-------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| 02-570-0252 | Fæðisgjöld                       |                   |                   | -266.149          |                   |
| 02-570-0471 | Seld vinna og þjónusta           | 0                 | -1.471.901        |                   | -5.603.850        |
| 02-570-0723 | Mf. vinna og þjónusta án vsk.    | -1.070.081        | 0                 | -1.127.924        |                   |
| 02-570-0731 | Mf. eigin afnot fasteigna        |                   |                   | -300.000          | -300.000          |
| 02-570-0891 | Endurgreiðslur annarra           | -1.791.807        | -152.358          | -1.467.475        | -170.300          |
| 02-570-0901 | Styrkir, gjafir, framlög         | -135.592          | 0                 |                   |                   |
| 02-570-0991 | Aðrar tekjur                     | -270.000          | -2.041.456        | -684.378          | -9.089            |
| 02-570-1111 | Laun                             | 18.149.080        | 22.274.737        | 21.836.527        | 11.368.067        |
| 02-570-1121 | Yfirvinnulaun                    | 8.294.781         | 5.575.411         | 7.297.925         | 6.746.542         |
| 02-570-1122 | Vaktaálag                        | 0                 | 0                 |                   | 3.340.908         |
| 02-570-1131 | Önnur laun                       | 7.379.115         | 8.284.981         | 8.502.479         | 1.894.966         |
| 02-570-1711 | Fæðispeningar                    | 0                 | 0                 |                   |                   |
| 02-570-1713 | Fatapeningar                     | 251.530           | 292.691           | 273.695           | 137.983           |
|             | Launatengd gjöld                 | 8.232.488         | 8.525.011         | 8.899.435         | 5.622.149         |
|             | Annar kostnaður *                | 3.974.976         | 6.565.925         | 5.134.147         | 4.584.564         |
|             | <b>Samtals</b>                   | <b>43.014.490</b> | <b>47.853.041</b> | <b>48.098.282</b> | <b>27.611.940</b> |
|             | * þar af mf húsal til eignasjóðs |                   | 2.463.000         | 2.013.120         | 2.301.636         |

Forstöðumaður er Anna Valgerður Einarsdóttir, BA í sálfræði, í 20% stöðugildi. Stöðugildi eru 4,14.

Í skammtíavistuninni hafa gjarnan verið sex einstaklingar en voru fjórir árið 2014. Í dag eru tvö börn reglulega í skammtíavistuninni, annað kemur frá Bolungarvík en hitt er búsett á Ísafirði. Þriðji einstaklingurinn er á unglingsaldri og kemur frá Patreksfirði. Fjórði einstaklingurinn, sem er um þrítugt, kemur frá Hólmavík yfirleitt í nokkar vikur á vorin og stundum einnig á haustin. Þá er hugsanlegt að annar unglingur komi frá Patreksfirði í skammtíavistun á þessu ári.

Meginreglan er annars sú að viðkomandi séu 1-4 vikur í senn. Það er metið hverju sinni. Algengt fyrirkomulag er að vera í viku í skammtíavistuninni í senn og viku heima og þannig rúllar það. Nýtingin er mest á vorin og haustin. Yfir hádaginn er skammtíavistunin oftast auð á skólatíma þar sem íbúar á skólaaldri sækja skóla milli kl. 08:00 og 14:00 á daginn.

Lækkun útgjalda árið 2014 er vegna þess að tveir mjög fatlaðir einstaklingar fluttust yfir í búsetuúrræði þar sem þeir voru orðnir 18 ára. Þó svo ekki hafi verið gerð kostnaðargreining á skammtíavistuninni er ljóst að um er að ræða dýrt úrræði. Skammtíavistunin er í sama húsnæði og búsetuúrræðin en þrátt fyrir það virðist ekki vera nein samlegð í því. Þessir einstaklingar sem nú eru í skammtíavistun eru mjög ólíkir, á dreifðum aldri og með mismunandi þjónustuparfir. Þeir þurfa hver um sig starfsmann með sér og því er erfitt að samnýta starfskraftana. Yfirleitt þarf sérstaka næturvakt og því ekki hægt að samnýta næturvörslu með búsetunni. Í fyrra var kannaður sá möguleiki að flytja starfsemina í nýtt húsnæði inn í firði en það reyndist ekki hentugt þegar til átti að taka.

## 5. Samanburður á starfsstöðvum

Tafla 13: Kostnaður á íbúa og stöðugildi 2014

| Starfsstöð    | Rekstrarkostn |                | Stöðugildi        | Stg/íbúa       | Meðal SIS gildi | Stg á íbúa / meðal SIS gildi |             |
|---------------|---------------|----------------|-------------------|----------------|-----------------|------------------------------|-------------|
|               | (nettó)       | Fj. íbúa       |                   |                |                 |                              |             |
| Fjarðarstræti | 49.128.084    | 2              | 24.564.042        | 5,57           | 2,79            | 11                           | 0,25        |
| Sindragata    | 71.729.221    | 3              | 23.909.740        | 10,56          | 3,52            | 11,67                        | 0,3         |
| Pollgata      | 54.300.217    | 4              | 13.575.054        | 7,7            | 1,93            | 9,25                         | 0,21        |
|               |               | <b>Meðalt:</b> | <b>20.682.946</b> | <b>Meðalt:</b> | <b>2,74</b>     | <b>Meðalt:</b>               | <b>0,25</b> |

Meðalkostnaður á íbúa í Pollgötu er svipaður, þó aðeins hærrí, og gerist annars staðar á landinu enda segir sviðsstjóri fjölskyldusviðs Ísafjarðarbæjar að þessi búseta „virki“. Meðalkostnaður á íbúa í Fjarðarstræti og Sindragötu er hins vegar mjög hár í samanburði við búsetu fatlaðra annars staðar á landinu með svipaða þjónustuþyngd. Í töflu 13 kemur fram að kostnaður á íbúa var um 24-25 m.kr. árið 2014. Helstu skýringar á þessum háa meðalkostnaði eru eftirfarandi:

1) Þjónustuþyngd beggja þessara heimila er mikil sbr. hátt SIS mat íbúa. Þannig er hlutfall stöðugilda á íbúa mjög hátt í Sindragötunni þar sem nauðsynlegt þykir að hafa tvo starfsmenn í næturvörslu. Hins vegar má benda á að meðalkostnaður á íbúa í Lyngmóum, Reykjanesbæ, var 13,4 m.kr. árið 2014 en meðal SIS gildi 4 íbúa er 9,0. Á Laugarbraut, Akranesi, var meðalkostnaður á íbúa 13,0 m.kr. árið 2014 en meðal SIS gildi 7 íbúa er 11,14. Þá var meðalkostnaður á íbúa í Einibergi, Hafnarfirði, 13,3 m.kr. árið 2014 en meðal SIS gildi 5 íbúa er 11,0. Í Berjahlíð í Hafnarfirði var meðalkostnaður á íbúa 13,4 m.kr. árið 2014 en þar er um mjög þungt heimili að ræða en allir 6 íbúarnir eru með SIS gildi 12 eða 12A. Í ljósi þessa samanburðar skýrir þjónustuþyngdin í Fjarðarstræti og Sindragötu ekki nema hluta af háum rekstrarkostnaði.

2) Veikindi starfsmanna hafa verið óvenju mikil (sjá töflu 5) og munar miklu um langtímaveikindi í Sindragötu 2013 og í Fjarðarstræti 2014 sem hafa haft í för með sér ráðningu starfsmanna í afleysingar og dýrar aukavaktir. Lítið hægt að gera við langtímaveikindum starfsmanna en hins vegar er ástæða til að greina ástæður annarra veikinda, sem hafa verið mikil, og leita allra leiða til að draga úr veikindafjarvistum.

3) Oft á tíðum hefur reynst erfitt að fá viðbótarstarfsmenn sem hefur tekið mikinn tíma frá forstöðumönnum heimilanna. Aldrei verið eins erfitt og í ár. Töluvert verið byggt á skólakrökkum í tímavinnu en eðlilega ekki auðvelt að treysta um og of á þeirra vinnuframlag. Því verið töluvert um að fastráðnir starfsmenn hafi tekið aukavaktir sem er kostnaðarsamt.

4) Íbúarnir eru einungis 2-3 á hvorum stað sem veldur því að nýting starfsmanna verður lakari og hagkvæmni því minni en ella. Leita verður allra leiða til að ná aukinni hagkvæmni í þessum rekstri. Fram hefur komið að ekki sé auðvelt við þetta að eiga þar sem íbúarnir í Fjarðarstræti eigi sínar íbúðir og ekki hefur komið upp sá möguleiki að fjölga fötluðum í húsinu þar sem íbúðir hafa ekki komið á sölu. Ísafjarðarbær á og leigir út íbúðir á Pollgötunni. Skýrsluhöfundur telur rétt að sá möguleiki verði skoðaður að fjölga íbúðum fyrir fatlaða í húsinu upp í 6 og kanna möguleika á flutningi íbúanna tveggja í Fjarðarstræti þangað.

Í heild tekið hvað varðar búsetuúrræðin og skammtímavistuna á Ísafirði er ástæða til að fara yfir og endurskoða skipulag stjórnunar. Reyndar eru áform um að gera það haustið 2015 til að dreifa betur

álagi milli forstöðumanna. Þannig eru nú uppi hugmyndir um að sami forstöðumaður stýri starfseminni á Pollgötu og skammtíamavistuninni í Sindragötu en annar forstöðumaður stýri starfseminni í búsetunni á Sindragötu og í Fjarðarstræti. Nú er hins vegar sami forstöðumaðurinn með umsjón með starfseminni allri í Sindragötu og annar forstöðumaður sér um starfsemina í Pollgötu og Fjarðarstræti. Ekki er hér lagt mat á þessa breytingu á fyrirkomulagi en lögð áhersla á að stöðugt þurfi að leita leiða til hagræðingar í stjórnun sem og öðrum þáttum rekstrar.

Varðandi búsetuúrræðið á Hólmavík er ljóst að þjónustukostnaðurinn við þann eina íbúa er hár, nálægt 30 m.kr. á ári, þar sem ekki er um að ræða samnýtingu starfsmanna í þjónustu við aðra íbúa. Leita þarf leiða til að samnýta starfsmennina með annarri félagsþjónustu.

## 6. Ábendingar frá forsvarsmönnum

### Dæmi varðandi útreikning á framlögum Jöfnunarsjóðs

Eins og fram hefur komið (kafla 3) hafa forsvarsmenn um málefni fatlaðra á Vestfjörðum gert athugasemdir við útreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á framlögum sjóðsins. Benda þeir m.a. á að útreikningur sjóðsins sé þannig hugsaður að þeir þjónustuþegar sem eru með lágt SIS mat en fá full framlög með sér geti greitt niður hluta af þjónustu þeirra sem eru með hærra SIS mat ef kostnaður fer yfir einingarkostnað SIS matsins. Þetta segja þau að gangi ekki upp. Vestfirðir séu líklega í sérstöðu hvað það varðar að margir sem eru í lægri SIS mati eru að fá skert framlög, út frá II. hluta í 3. gr. reglugerðar nr. 242/2014 þar sem segir í a. og b. lið:

*a) Reikna skal útgjaldabörf á grundvelli viðmiðunarfjárhæða vegna allra einstaklinga sem falla í 4. flokk samræms mats á þjónustuþörf eða ofar.*

*b) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar skal reikna útgjaldabörf vegna einstaklinga í flokki 4 og ofar á grundvelli raunkostnaðar, ef raunkostnaður og áætlaður viðbótarkostnaður vegna 2014 er lægri en 33% af einingakostnaði viðkomandi flokks. Ekki reiknast útgjaldabörf vegna fasteignakostnaðar, sbr. d-lið vegna einstaklinga sem falla undir þetta ákvæði.*

Með vísan í ofangreint sé lítill afgangur sem hægt sé að nýta í aðra þjónustu. Sú þjónusta sem BsVest sé að veita sé í samræmi við lög og reglugerðir og skerðing á henni myndi stangast á við lög og reglugerðir. Til að skýra nánar hvað átt er við varðandi athugasemdir við útreikning á framlögum tiltók verkefnisstjórnin eftirfarandi dæmi:

#### Dæmi 1

Einstaklingur er í flokki SIS 12A og er með framlag með yfirstjórn upp á kr. 24.930.000. Hann er í búsetuþjónustu í sinni eigin íbúð og kostar þjónusta við hann um kr. 33.000.000. Hann er einnig í hæfingarstöðinni Hvestu en þar er kostnaður við einn einstakling í fullu starfi metinn á um kr. 5.500.000. Samtals gera þetta kr. 38.500.000. Mismunur á útgjöldum og fjárfamlagi Jöfnunarsjóðs er þar með um kr. 13.570.000.

**Dæmi 2**

Einstaklingur í flokki SIS 7 er ekki kominn í búsetuþjónustu og býr hjá foreldrum og fær 8.507.000 kr. í framlag. Hann getur hins vegar ekki hafið búsetu þar sem þessir fjármunir sem ætlaðir eru í nýja þjónustu fyrir hann eru nýttir í þjónustu fyrir annan einstakling sem er í búsetuþjónustu nú þegar en fær ekki nægt framlag með sér. Við þessar aðstæður er ekki hægt að taka inn nýja einstaklinga í mikilli þjónustuþörf því framlag með þeim dugar ekki fyrir búsetuþjónustu og þeir sem nú þegar eru í þjónustu eru að fá það lág framlög að allt sem stendur útaf er nýtt til að brúa mismun á milli framlaga einstaklingsins og kostnað við þjónustuna. Þarna er skekkja sem þarf að leysa segir verkefnisstjórnin.

**Dæmi 3**

Tekið er dæmi um tvo einstaklinga sem eru í sama flokki hvað varðar SIS mat. Samt sem áður er mikill munur á fjáframlagi vegna þeirra:

**SIS mat: 4**

- Stuðningsvísitala: 92
- Heilsuþörf: 1
- Hegðunarþörf: 1
- Framlag með yfirstjórnunarkostnaði: 4.036.000 kr.
- Einstaklingurinn er með 10,5 tíma á mánuði í frekari liðveislu sem og ráðgjöf.

**SIS mat: 4**

- Stuðningsvísitala: 91
- Heilsuþörf: 0
- Hegðunarþörf: 2
- Framlag með yfirstjórnunarkostnaði: 912.000 kr.
- Einstaklingurinn er með skert framlög, hann er í þjónustu og fær 17,5 tíma á mánuði í frekari liðveislu.